

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Georgíu.

Hinn 22. júní 2017 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Georgíu sem gerður var í Bern 27. júní 2016. Alþingi hafði með ályktun nr. 5/146 hinn 6. apríl 2017 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. september 2017.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauka við samninginn og nánari upplýsingar um hann má nálgast á vef utanríkisráðuneytisins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. maí 2024.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**FRÍVERSΛUNARSAMNINGUR
MILLI
EFTA-RÍKJANNA
OG
GEORGÍU****FORMÁLSORÐ**

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin“)

og

Georgía,

hér á eftir nefnd hvert og eitt „samningsaðili“ eða sameiginlega „samningsaðilarnir“,

SEM VIÐURKENNA sameiginlegan vilja til þess að efla tengsl milli EFTA-ríkja og Georgíu með því að stofna til náinna og varanlegra tengsla,

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum milli samningsaðilanna og fyrir aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að stuðla að og styrkja enn frekar fjöhlíða viðskiptakerfi með því að byggja á réttindum og skyldum hvers samningsaðila um sig samkvæmt Marakessamningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“) og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta,

SEM ÁRÉTTA þá skuldbindingu sína að styðja við lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skyldur sínar að þjóðarétti, meðal annars eins og fram kemur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingu SP,

SEM HAFNA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og auka í ríkum mæli heilsuvernd og vernd öryggis og umhverfis,

SEM ÁRÉTTA þá skuldbindingu sína að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun og sem viðurkenna mikilvægi samræmis í og gagnkvæms stuðnings við stefnumál á sviði viðskipta, umhverfis og vinnu í þessu tilliti,

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að beita ákvæðum samnings þessa í samræmi við þau markmið að varðveita og vernda umhverfið með traustri umhverfisstjórnun og að stuðla að hagkvæmustu nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun,

SEM VÍSA til réttinda sinna og skyldna samkvæmt fjöhlíða samningum um umhverfismál, sem þau eru aðilar að, einnig til virðingar fyrir grundvallarreglum og -réttindum við vinnu, meðal annars fyrir viðeigandi meginreglum sem eru settar fram í þeim samningum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) sem þau eru aðilar að,

SEM VIÐURKENNA mikilvægi þess að tryggja fyrirsjáanleika fyrir viðskiptasamfélög samningsaðilanna,

SEM STAÐFESTA þá skuldbindingu sína að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í viðskiptum og fjárfestingum ríkja í milli og að halda á lofti meginreglunum um gagnsæi og góða opinbera stjórnunarhætti,

SEM SAMSINNA mikilvægi góðra stjórnunarháttanna og samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í þágu sjálfbærrar þróunar og sem staðfesta þá ætlun sína að hvetja fyrirtæki til þess að virða alþjóðlega viðurkenndar leiðbeiningar og meginreglur í því tilliti, eins og leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, meginreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stjórnunarhætti fyrirtækja og hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna (SP) um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM að samningur þessi muni efla samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum og skapa skilyrði sem örva efnahagsleg tengsl, viðskiptatengsl og tengsl á sviði fjárfestinga milli samningsaðilanna,

HAGA KOMIST AÐ SAMKOMULAGI UM, í því skyni að fylgja framangreindu eftir, að gera með sér eftirfarandi fríverslunarsamning (hér á eftir nefndur „samningur þessi“):

1. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

Gr. 1.1

Markmið.

- EFTA-ríkin og Georgía setja hér með á stofn fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa, sem er byggt á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á virðingu fyrir meginreglum lýðræðis og mannréttinda, í því augnamiði að auka hagsæld og örva sjálfbæra þróun.
- Markmiðin með samningi þessum eru:
 - að gera vöruviðskipti frjálts í samræmi við ákvæði XXIV. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),
 - að gera þjónustuviðskipti frjálts í samræmi við ákvæði V. gr. Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“),
 - að fjölga með gagnkvæmum hætti tækifærum til fjárfestinga,
 - að koma í veg fyrir, fella niður eða draga úr ónáuðsynlegum tæknilegum viðskiptahindrunum og ónáuðsynlegum ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
 - að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar hin efnahagslegu tengsl milli samningsaðilanna,
 - að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
 - að tryggja næga og árangursríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðlega staðla,
 - að þróa milliríkjavíðskipti þannig að stuðlað sé að því að markmið sjálfbærrar þróunar náist og að tryggt sé að það markmið sé fellt inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglit í þeim og
 - að stuðla að samstilltri þróun og útvíkkun heimsviðskipta.

Gr. 1.2

Landfræðilegt gildissvið.

- Ákvæði samnings þessa gilda nema annað sé tilgreint í I. viðauka:
 - á yfirráðasvæði á landi, innsævi og í landhelgi samningsaðila og í loftrými yfir landsvæði samningsaðila samkvæmt reglum þjóðaréttar og
 - í sérefnahagslögsögu og á landgrunni samningsaðila, samkvæmt reglum þjóðaréttar.
- Ákvæði samnings þessa gilda ekki á hinu norska yfirráðasvæði Svalbarða, nema í tilviki vöruviðskipta.

Gr. 1.3

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan.

- Ákvæði samnings þessa gilda um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Georgíu hins vegar, en ekki um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

- Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Sviss og Furstaðæmisins Liechtensteins, leiðir að Sviss er fulltrúi Furstaðæmisins Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

Gr. 1.4

Tengsl við aðra milliríkjasamninga.

- Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum samningum á grundvelli hans sem þeir eru aðilar að og samkvæmt öðrum milliríkjasamningum sem þeir eiga aðild að.
- Telji samningsaðili að viðhald eða stofnun tollabandalags, fríverslunarsvæðis, fyrirkomulags landamæraviðskipta eða annars fríðindasamnings af hálfu annars samningsaðila hafi þau áhrif að breyti því viðskiptafyrirkomulagi sem samningur þessi kveður á um, getur hann farið fram á samráð. Sá samningsaðili sem gerir slíkan samning skal gefa nægilegt svigrúm til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.

Gr. 1.5

Skyldum gegnt.

- Sérhver samningsaðili skal gera allar almennar eða sértækar ráðstafanir til þess að gegna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.
- Sérhver samningsaðili skal tryggja að ríkisstjórn og svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld hvers um sig gegni öllum skyldum sínum og efni allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og að það sé gert af hálfu óopinberra stofnana þegar þær fara með opinbert vald sem ríkisstjórn og svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld fela þeim.

Gr. 1.6

Gagnsæi.

- Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, ákvörðunum dómstóla, stjórnisýsluákvörðunum sem hafa almennt gildi og milliríkjasamningum sem hver og einn þeirra er aðili að og geta haft áhrif á rekstur samnings þessa.
- Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.
- Ekkert í samningi þessum krefst þess af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál samkvæmt innlendra löggjöf hans eða ef birtar mynd hindra framfylgd laga eða vera á annan hátt andstætt almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekanda.
- Sé ósamræmi milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum hlutum samnings þessa, skulu síðarnefndu ákvæðin gilda að því marki sem ósamræmis gætir.

2. KAFLI

VIÐSKIPTI MEÐ VÖRUR AÐRAR EN LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Gr. 2.1

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um viðskipti milli samningsaðilanna sem varða vörur sem falla undir gildissvið I. viðauka.

Gr. 2.2.

Upprunareglur og aðferðir í samvinnu á sviði stjórnsýslu.

Upprunareglur og aðferðir í samvinnu á sviði stjórnsýslu eru settar fram í II. viðauka.

Gr. 2.3

Innflutningstollar.

1. Við gildistöku samnings þessa skulu samningsaðilarnir afnema alla tolla og gjöld, sem hafa jafngild áhrif og tollar, á innfluttar vörur upprunnar hjá samningsaðila sem falla undir gildissvið gr. 2.1. Ekki skal innleiða neina nýja tolla og gjöld sem hafa jafngild áhrif og tollar.
2. Til innflutningstolla og gjalda, sem hafa jafngild áhrif og innflutningstollar, teljast hvers konar tollar eða gjöld, sem eru lögð á í tengslum við innflutning vara, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld, en til þeirra teljast ekki gjöld sem eru lögð á í samræmi við III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

Gr. 2.4

Útflutningstollar.

1. Við gildistöku samnings þessa skulu samningsaðilarnir fella niður alla tolla og önnur gjöld, meðal annars hvers konar aukagjöld og framlög í annarri mynd, í tengslum við vöruútflutning til annars samningsaðila.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki innleiða neina nýja útflutningstolla eða gjöld í tengslum við vöruútflutning.

Gr. 2.5

Tollverðsákvörðun.¹

Ákvæði VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og I. hluti samningsins um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.6

Magntakmarkanir.

Ákvæði 1. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.7

Gjöld og formsatriði.

Ákvæði VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði 9. gr. III. viðauka.

Gr. 2.8

Skattlagning og reglur innanlands.

Ákvæði III. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.9

Tæknilegar viðskiptahindranir.

1. Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „TBT-samningurinn“) gilda, nema kveðið sé á um annað í þessari grein, og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.
2. Sérhver samningsaðili skal tilnefna tengilið, í því skyni að greiða fyrir samskiptum og upplýsingaskiptum á sviði tæknilegra viðskiptahindrana.
3. Samningsaðilarnir samþykkja, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að eiga samráð um tæknimál, telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert eða sé að íhuga ráðstöfun, sem samræmist ekki ákvæðum TBT-samningsins, í því skyni að finna viðeigandi lausn í samræmi við TBT-samninginn. Slíkt samráð skal fara fram innan 40 daga frá því að beiðni um samráð er veitt viðtaka. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni, fari samningsaðili fram á það. Fari samráð

¹ Sviss beitir tollum byggðum á þyngd og magni frekar en verðtollum.

fram utan sameiginlegu nefndarinnar skal tilkynna henni um það. Samráðið getur farið fram með þeim hætti sem samkomulag er um.

4. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvern annan fyrirfram um hugsanlega mikilvægar breytingar á meðferð sem er veitt ESB. Að því tilskildu að gagnkvæmt samkomulag hafi verið gert milli ESB og sérhvers samningsaðila um jafngilda meðferð að því er varðar tæknireglugerðir, staðla og samræmismat, skulu samningsaðilarnir koma sér saman um, án ástæðulausrar tafar, fyrirkomulag sem rýmkar gildissvið þess háttar meðferðar þannig að hún nái til hvers og eins þeirra².
5. Samningsaðilarnir skulu upplýsa hvern annan fyrirfram um hugsanlega mikilvægar breytingar á meðferð sem hefur áhrif á hina samningsaðilana á öðrum sviðum en þeim sem fjallað er um í 4. mgr. Samningsaðili skal, að fram kominni beiðni annars samningsaðila og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 6. gr. TBT-samningsins, íhuga tafarlaust að veita vörum frá þeim samningsaðila sem leggur fram beiðni, og í samræmi við löggjöf ESB, álíka meðferð og þá sem er veitt vörum frá ESB.

Gr. 2.10

Greitt fyrir viðskiptum.

Samningsaðilarnir skulu, með það að markmiði að greiða fyrir viðskiptum EFTA-ríkjanna og Georgíu og í samræmi við ákvæði III. viðauka:

- a) einfalda, eftir því sem frekast er unnt, verklag í viðskiptum og tengdri þjónustu,
- b) stuðla að fjöhlíða samvinnu milli samningsaðilanna í því skyni að auka þátttöku þeirra í þróun og framkvæmd milliríkjasamninga og tilmæla sem fjalla um að greiða fyrir viðskiptum og
- c) vinna saman, innan sameiginlegu nefndarinnar, að því að greiða fyrir viðskiptum.

Gr. 2.11

Undirnefnd um vöruviðskipti.

1. Undirnefnd um vöruviðskipti (hér á eftir nefnd „undirnefnd“) er hér með stofnsett.
2. Umboð undirnefndarinnar er sett fram í IV. viðauka.

Gr. 2.12

Ríkisrekin verslunarfyrirtæki.

Ákvæði XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samkomulagið um túlkun XVII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.13

Styrkir og jöfnunarráðstafanir.

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við ákvæði VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, að undanskildu því sem kveðið á um í 2. mgr.
2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti meintir styrkir eru veittir hjá öðrum samningsaðila og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyrja og rannsóknin tekur til og veita 45 daga til samráðs til að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni, fari samningsaðili fram á það, innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

² Samningsaðilarnir áréttta réttindi sín og skyldur samkvæmt samstarfssamningnum milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu og aðildarríkja þeirra annars vegar og Georgíu hins vegar, samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 1992, ásamt ESB-gerðunum sem vísað er til í II. viðauka við þann samning og samkvæmt samningnum um gagnkvæma viðurkenningu milli ESB og Sviss, að meðtöldum breytingum á þessum þremur samningum, áður og eftir að samningur þessi öðlast gildi.

Gr. 2.14

Ráðstafanir gegn undirboðum.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að komast hjá því að hefja, hver gegn öðrum, ráðstafanir gegn undirboðum skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningsins um beitingu VI. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „samningurinn um undirboð“).
2. Þegar samningsaðila berst tilhlýðilega skjalfest beiðni og áður en rannsókn hefst samkvæmt ákvæðum samningsins um undirboð skal hann tilkynna hinum samningsaðilanum, sem talinn er undirbjóða vörur sínar, um það skriflega og veita 60 daga til samráðs til að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni, fari samningsaðili fram á það, innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.
3. Beiti samningsaðili ráðstöfun gegn undirboðum skal henni hætt eigi síðar en fimm árum eftir að gripið er til hennar.
4. Samningsaðili skal ekki hefja ráðstöfun gegn undirboðum viðvíkjandi sömu vöru frá sama samningsaðila innan eins árs frá því að tekin er ákvörðun sem leiddi til þess að engum ráðstöfunum gegn undirboðum var beitt eða að þær voru afturkallaðar eða frá því að ráðstöfun var hætt samkvæmt ákvæðum 3. mgr.
5. Ákveði samningsaðili að leggja á toll gegn undirboðum skal hann beita reglunni um „lægri toll“ með því að leggja á toll sem er lægri en undirboðsvikmörkin, ef slíkur lægri tollur myndi nægja til að stöðva það tjón sem viðkomandi innlend atvinnugrein verður fyrir.
6. Fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi skal sameiginlega nefndin endurskoða hvort þörf sé á því að viðhalda þeim kosti að grípa til ráðstafana gegn undirboðum milli samningsaðilanna. Ákveði samningsaðilarnir, að lokinni fyrstu endurskoðun, að viðhalda þessum kosti, skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni eftir það á tveggja ára fresti.

Gr. 2.15

Viðtækar verndarráðstafanir.

Sérhver samningsaðili heldur réttindum sínum og skyldum skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir. Samningsaðili skal, þegar hann gerir ráðstafanir samkvæmt þessum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, í samræmi við lög hennar og réttarframkvæmd og í samræmi við eigin löggjöf, undanskilja innflutning upprunavöru frá einum eða nokkrum samningsaðilum, ef þess konar innflutningur veldur ekki, einn og sjálfur, alvarlegu tjóni eða ef engin hætta er á því.

Gr. 2.16

Umbreytingarverndarráðstafanir.

1. Ef vara, sem er upprunnin hjá samningsaðila, er flutt inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila í framhaldi af lækku eða niðurfellingu tolls samkvæmt samningi þessum í svo auknu magni, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, og við þau skilyrði að telja má það veigamikla orsök alvarlegs tjóns eða hættu á því fyrir innlenda atvinnugrein, sem framleiðir sambærilegar vörur eða samkeppnisvörur á yfirráðasvæði innflutningssamningsaðilans, er innflutningssamningsaðilanum heimilt að grípa til umbreytingarverndarráðstafana í eins litlum mæli og frekast er unnt til að bæta tjónið eða koma í veg fyrir það, með fyrirvara um ákvæði 2. til 9. mgr.
2. Því aðeins skal grípa til umbreytingarverndarráðstafana að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegu tjóni eða að hættu á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við það verklag sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.
3. Sé þeim skilyrðum sem eru sett fram í 1. mgr. fullnægt getur innflutningssamningsaðilinn gert ráðstafanir sem samanstanda af því að hækka toll á viðkomandi vöru að tilteknu marki sem er ekki hærra en hið lægra af eftirfarandi:
 - a) bestukjaratolli sem er lagður á þegar gripið er til umræddrar umbreytingarverndarráðstöfunar eða

- b) bestukjaratolli sem er lagður á daginn fyrir gildistöku samnings þessa.
4. Umbreytingarverndarráðstafanir skulu ekki vara lengur en í eitt ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður er innflutningssamningsaðilanum heimilt að framlengja ráðstafanirnar í allt að þrjú ár. Þjóða skal útflutningssamningsaðilunum, sem fyrrnefndar og framlengdar umbreytingarverndarráðstafanir hafa áhrif á, bætur í formi viðskiptafrelsis sem er samsvarandi að verulegu leyti. Engum umbreytingarverndarráðstöfunum skal beitt vegna innflutnings vöru sem hefur áður verið andlag slíkrar ráðstöfunar.
 5. Sá samningsaðili sem hyggst grípa til eða framlengja umbreytingarverndarráðstöfun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar og í öllu falli áður en hann gerir eða framlengir ráðstöfun. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, meðal annars sönnunargögn um alvarlegt tjón eða hættu á því af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á þeirri vöru sem um ræðir og þeirri ráðstöfun sem er fyrirhuguð, einnig frá hvaða degi innleiða á ráðstöfunina, hve lengi er gert ráð fyrir að hún vari og tímaáætlun fyrir afnám hennar í áföngum. Þegar ráðstöfunin er framlengd skv. 4. mgr. skal einnig tilgreina í tilkynningunni hvaða bótum er gert ráð fyrir.
 6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá viðtökudegi tilkynningarinnar, kanna þær upplýsingar sem eru veittar skv. 5. mgr., í því skyni að greiða fyrir lausn sem gagnkvæm sátt er um. Ef engin þess háttar lausn finnst, er innflutningssamningsaðilanum heimilt að samþykkja eða framlengja umbreytingarverndarráðstöfun skv. 3. mgr. til þess að ráða bót á vandanum. Komi ekki til neinna bóta skv. 4. mgr., sem gagnkvæmt samkomulag er um, er samningsaðilanum, sem sú vara tilheyrir sem umbreytingarverndarráðstöfunin beinist gegn, heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum án tafar um umbreytingarverndarráðstöfunina og jöfnunaraðgerðina. Við val á umbreytingarverndarráðstöfuninni og jöfnunaraðgerðinni skal sú aðgerð eða ráðstöfun sem raskar minnst framkvæmd samnings þessa hafa forgang. Samningsaðilinn, sem grípur til jöfnunaraðgerðar, skal aðeins beita aðgerðinni í eins skamman tíma og nauðsyn krefur til þess að ná fram jafngildum áhrifum í viðskiptum í meginatriðum og, í öllu falli, einungis á meðan framlenging umbreytingarverndarráðstöfunarinnar varir.
 7. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til umbreytingarverndarráðstafana um stundarsakir í samræmi við bráðabirgðaniðurstöðu þess efnis að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur sé veigamikil orsök alvarlegs tjóns eða að hættu á því fyrir viðkomandi innlenda atvinnugrein. Samningsaðilinn, sem hyggst grípa til slíkrar ráðstöfunar, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um það. Hefja skal þær ráðstafanir sem eru settar fram í þessari grein innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.
 8. Hætta skal umbreytingarverndarráðstöfunum, sem gripið er til um stundarsakir, í síðasta lagi innan 200 daga. Gildistími þess háttar umbreytingarverndarráðstöfunar, sem gripið er til um stundarsakir, skal talinn vera hluti af því tímabili, og framlengingu þess, sem umbreytingarverndarráðstöfunin, sem um getur í 3. og 4. mgr., eftir því sem við á, varir. Endurgreiða skal tollahækkunar þegar í stað ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. hafi verið fullnægt.
 9. Heimilt er að beita umbreytingarverndarráðstöfun í síðasta lagi fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

Gr. 2.17

Almennar undanþágur.

Ákvæði XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.18

Undanþágur af öryggisástæðum.

Ákvæði XXI. gr. GATT-samningsins frá 1994 skulu gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 2.19

Greiðslujöfnuður.

1. Samningsaðila, sem á í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða þegar yfirvofandi hætta er á slíkum erfiðleikum, er heimilt, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í GATT-samningnum frá 1994 og samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um greiðslujöfnuðarákvæðin í hinum almenna samningi um tolla og viðskipti frá 1994, að samþykkja takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að bæta greiðslujöfnuð.
2. Samningsaðili, sem innleiðir ráðstöfun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal þegar í stað tilkynna það sameiginlegu nefndinni.

3. KAFLI

VIÐSKIPTI MEÐ LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Gr. 3.1

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um viðskipti milli samningsaðilanna sem tengjast vörum, öðrum en þeim sem fjallað er um í I. viðauka, hér á eftir nefndar „landbúnaðarafurðir“.

Gr. 3.2

Tollaívilnanir.

1. Georgía skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í EFTA-ríki, eins og tilgreint er í V. til og VII. viðauka.
2. Sérhvert EFTA-ríki skal veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir, sem eru upprunnar í Georgíu, eins og tilgreint er í V. til VII. viðauka.

Gr. 3.3

Önnur ákvæði.

Eftirfarandi ákvæði 2. kafla gilda, að breyttu breytanda, um viðskipti með landbúnaðarafurðir: Ákvæði gr. 2.2 um upprunareglur og aðferðir í samvinnu á sviði stjórnsýslu, gr. 2.4 um útflutningstolla, gr. 2.5 um tollverðsákvörðun, gr. 2.6 um magntakmarkanir, gr. 2.7 um gjöld og formsatriði, gr. 2.8 um skattlagningu og reglur innanlands, gr. 2.9 um tæknilegar viðskiptahindranir, gr. 2.10 um að greiða fyrir viðskiptum, gr. 2.12 um ríkisrekin verslunarfyrirtæki, gr. 2.14 um ráðstafanir gegn undirboðum, gr. 2.15 um víðtækar verndarráðstafanir, gr. 2.16 um umbreytingarverndarráðstafanir, gr. 2.17 um almennar undanþágur, gr. 2.18 um undanþágur af öryggisástæðum og gr. 2.19 um greiðslujöfnuð.

Gr. 3.4

Skoðanaskipti.

Samningsaðilarnir skulu kanna þá erfiðleika sem upp kunna að koma í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og leitast við að freista þess að leita viðunandi lausna með skoðanaskiptum og samráði.

Gr. 3.5

Aukið frelsi.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að vinna áfram að því að auka frelsi í viðskiptum sínum með landbúnaðarafurðir, að teknu tilliti til fyrirkomulags að því er varðar unnar landbúnaðarafurðir, mynsturs í viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli samningsaðilanna, þess hversu sérlega viðkvæmar slíkar afurðir eru, þróunar í landbúnaðarstefnu hvers samningsaðila fyrir sig og framvindu á tví- og fjöhlíða vettvangi. Samningsaðilarnir geta, með það fyrir augum að ná þessu markmiði, haft samráð sín á milli á fundum sameiginlegu nefndarinnar.

4. KAFLI

Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

Gr. 4.1

Markmið.

Markmiðin með þessum kafla eru:

- a) að efla framkvæmd samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (hér á eftir nefndur „SPS-samningurinn“),
- b) að styrkja samstarf samningsaðilanna vegna ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að greiða fyrir viðskiptum og aðgangi að mörkuðum hvers og eins,
- c) að auðvelda upplýsingaskipti milli samningsaðilanna og efla gagnkvæman skilning á regluverki sérhvers samningsaðila og
- d) að leysa með skilvirkum hætti málefni í viðskiptum sem hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna innan gildissviðs þessa kafla.

Gr. 4.2

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem kunna hafa bein eða óbein áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Gr. 4.3

Staðfesting SPS-samningsins.

Ákvæði SPS-samningsins gilda, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla, og eru þau hér með felld inn í og gerð hluti af samningi þessum, að breyttu breytanda.

Gr. 4.4

Alþjóðlegir staðlar.

Að því er þennan kafla varðar merkir „alþjóðlegir staðlar“ staðla, leiðbeiningar og tilmæli Alþjóðamatvæslaskráráðsins (CAC), Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) og viðkomandi alþjóðastofnana og svæðisbundinna stofnana sem starfa á vettvangi alþjóðasamningsins um plöntuvernd (IPPC).

Gr. 4.5

Skoðanir, vottunarkerfi og úttektir á kerfum.

1. Innflutningssamningsaðili skal byggja mat á skoðunar- og vottunarkerfi útflutningssamningsaðilans á alþjóðlegum stöðlum³.
2. Samningsaðilarnir eru því samþykkir að nota fyrst og fremst úttektir á kerfum sem matsaðferð. Rökstyðja skal nauðsyn þess að framkvæma skoðanir á staðnum.
3. Aðgerðir til úrbóta, tímamörk og eftirfylgni skulu, ef við á, skjalfest með skýrum hætti í matskýrslu.
4. Innflutningssamningsaðilinn skal bera þann kostnað sem stofnað er til vegna framkvæmdar úttektar.
5. Innflutningssamningsaðilinn skal láta útflutningssamningsaðilanum í té viðeigandi upplýsingar skriflega innan 60 daga frá úttektinni. Útflutningssamningsaðilinn skal gera athugasemdir við þessar upplýsingar innan 45 daga. Fella skal athugasemdir útflutningssamningsaðilans inn í matskýrsluna.

Gr. 4.6

Vottorð.

Samningsaðilarnir eru því samþykkir að vinna saman að því að lágmarka fjölda fyrirmynda að SPS-vottorðum eins og kostur er. Sé gerð krafa um opinber vottorð skulu þau vera í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum stöðlum. Samningsaðili skal, þegar hann innleiðir eða breytir vottorði, tilkynna hinum samningsaðilunum á ensku um hið nýja eða breytta vottorð, sem

³ Þar má einkum nefna staðla og leiðbeiningar sem nefnd Alþjóðamatvæslaskrárinnar um skoðunar- og vottunarkerfi vegna matvælainnflutnings og -útflutnings (CAC/GL 26-1997) hefur unnið að.

tillaga er gerð um, með eins skjótum hætti og aðstæður leyfa. Viðkomandi samningsaðili skal tilgreina þær staðreyndir sem liggja að baki nýju eða breyttu vottorði og rökstuðning fyrir því. Útflutningssamningsaðilanum skal gefinn nægur tími til að laga sig að hinum nýju kröfum.

Gr. 4.7

Samvinna.

1. Samningsaðilarnir skulu efla samvinnu sín á milli með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers annars og auðvelda aðgang að mörkuðum hvers og eins. Þessi samvinna skal felast í samstarfi milli vísindastofnana, sem láta samningsaðilunum í té vísindalega ráðgjöf og áhættugreiningu, en takmarkast ekki við það.
2. Samningsaðilarnir skulu tryggja að allar gildandi SPS-reglugerðir séu birtar og aðgengilegar á Netinu. Samningsaðili skal, að fenginni beiðni, láta í té viðbótarupplýsingar á ensku um kröfur viðvíkjandi innflutningi.
3. Samningsaðilarnir skulu tilkynna öðrum samningsaðilum um hvers kyns umtalsverðar breytingar á því hvernig ábyrgð lögbærra yfirvalda og tengiliða er komið fyrir, hún skipulögð og henni deilt.
4. Þegar samningsaðili innleiðir nýjar SPS-ráðstafanir skal lögbært yfirvald hans leggja fram, að fenginni beiðni og á ensku eftir því sem unnt er, viðeigandi áhættumat sem réttlætir þá ráðstöfun sem um ræðir.

Gr. 4.8

Innflutningseftirlit.

1. Kröfur og eftirlit vegna innflutnings, sem er beitt gagnvart innfluttum vörum sem falla undir gildissvið þessa kafla, skulu byggð á þeirri áhættu sem fylgir þess konar vörum og skal þeim beitt á jafnréttisgrundvelli. Innflutningseftirlit og eftirlit á landamærum skal fara fram með eins skjótum hætti og frekast er unnt og þannig að það valdi ekki meiri viðskiptatakmarkunum en nauðsyn ber til.
2. Lögbær yfirvöld samningsaðilanna skulu skiptast á upplýsingum, að fenginni beiðni, um tíðni innflutningseftirlits eða breytingar á henni.
3. Sérhver samningsaðili skal heimila aðila, sem er ábyrgur fyrir vörusendingu sem sýni skulu tekin úr og greind, að óska eftir öðru álit sérfræðinga sem hluta af opinberri sýnatöku.
4. Innflutningseftirlit ætti að skipuleggja í samræmi við alþjóðlega staðla⁴.
5. Vörum, sem eru háðar úrtakskönnunum eða venjubundnu eftirliti, ætti ekki að halda eftir á landamærum meðan beiðni er niðurstaðna prófana.
6. Sé vörum haldið eftir á landamærum vegna áhættu, sem talin er vera til staðar, skal taka ákvörðun um afgreiðslu eins fljótt og aðstæður leyfa. Allt kapp skal lagt á að komast hjá því að vörur, sem hætt er við skemmdum, spillist. Í þessum kafla merkir „vörur sem hætt er við skemmdum“ vörur sem hafa þann náttúrulega eiginleika að skemmast hratt, einkum þegar viðeigandi geymslu- aðstæður eru ekki fyrir hendi,
7. Sé vörum hafnað í komuhöfn vegna alvarlegs máls viðvíkjandi hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi útflutningssamningsaðilans um það eins fljótt og aðstæður leyfa. Að því er þetta ákvæði varðar merkir „alvarlegt mál viðvíkjandi hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna“ tilvik þar sem tilkynning milli lögbærra yfirvalda er fyrirséð samkvæmt alþjóðlegum stöðlum⁵;
8. Sé vörum hafnað í komuhöfn skal, að fram kominni beiðni, láta útflutningssamningsaðilanum skriflega í té þær staðreyndir sem liggja að baki og vísindalegan rökstuðning, eins fljótt og aðstæður leyfa.
9. Haldi samningsaðili eftir í komuhöfn vörum, sem eru fluttar út frá öðrum samningsaðila, sökum vanrækslu þess að gera ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, sem talin er

⁴ Þar má einkum nefna leiðbeiningar Alþjóðamatvælskráráðsins um innflutningseftirlitskerfi fyrir matvæli (CAC/GL 47-2003) og leiðbeiningar þess um mótun, rekstur, mat og faggildingu skoðunar- og vottunarkerfa vegna matvælainnflutnings og -útflutnings (CAC/GL 26-1997).

⁵ Einkum í leiðbeiningum Alþjóðamatvælskráráðsins (CAC), Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) og samkvæmt alþjóðasamningnum um plöntuvernd (IPPC).

vera til staðar, skal tilkynna innflytjandanum eða fulltrúa hans án tafar um þau rök, byggð á staðreyndum, sem liggja að baki haldlagningunni.

10. Sérhver samningsaðili skal tryggja að viðeigandi lagaleg málsmeðferð sé fyrir hendi sem gerir innflytjanda eða öðrum aðila, sem er ábyrgur fyrir viðkomandi vörusendingu, eða fulltrúa hans, sem þær vörur tilheyra sem er hafnað í komuhöfn, kleift að vísa fyrrnefndri ákvörðun áfram.

Gr. 4.9

Samráð.

Samráð skal fara fram að beiðni samningsaðila sem telur annan samningsaðila hafa gert ráðstöfun sem er líkleg til að leiða til, eða hefur leitt til, viðskiptahindrunar. Þess konar samráð skal fara fram innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar, í því skyni að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni, fari samningsaðili fram á það. Fari samráð ekki fram í sameiginlegu nefndinni ætti að tilkynna henni um það. Í tilviki vara, sem hætt er við skemmdum, skal samráð milli lögbærra yfirvalda samningsaðilanna fara fram án ástæðulausrar tafar. Samráðið getur farið fram með þeim hætti sem samkomulag er um.

Gr. 4.10

Endurskoðun.

Samningsaðilarnir skulu, að fram kominni beiðni samningsaðila og án ástæðulausrar tafar, koma sér saman um fyrirkomulag sem vikkar út til hvers og eins þeirra meðferð sem tengist reglum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og sérhver samningsaðili veitir Evrópusambandinu.

Gr. 4.11

Tengiliðir.

Samningsaðilarnir skulu, að því er varðar ákvæði þessa kafla, skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða í því skyni að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti.

5. KAFLI

ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

Gr. 5.1

Gildissvið og umfang.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld og yfirvöld gera, og einnig óopinberar stofnanir í umboði ríkisstjórna, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda. Ákvæði hans gilda um öll svið þjónustu.
2. Að því er varðar flutningaþjónustu í lofti gilda ákvæði þessa kafla ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugréttindi eða um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist beint nýtingu flugréttinda, að því undanskildu sem kveðið er á um í 3. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti. Skilgreiningarnar í 6. mgr. viðaukans við GATS-samninginn um flutningaþjónustu í lofti eru hér með felldar inn í og gerðar hluti af þessum kafla.
3. Ákvæði gr. 5.4, 5.5 og 5.6 skulu ekki eiga við um lög, reglugerðir eða kröfur sem gilda um innkaup opinberra stofnana á þjónustu fyrir hið opinbera en ekki um innkaup með endursölu eða veitingu þjónustu í viðskiptalegum tilgangi í huga.

Gr. 5.2

Innfelling ákvæða GATS-samningsins.

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði úr GATS-samningnum sé fellt inn í og gert hluti af þessum kafla, ber að skilja merkingu þeirra hugtaka sem eru notuð í viðkomandi ákvæði GATS-samningsins sem hér segir:

- a) „aðili“ merkir samningsaðili,
- b) „skrá“ merkir skrá sem um getur í gr. 5.18 og er að finna í VIII. viðauka og
- c) „sérstök skuldbinding“ merkir sérstök skuldbinding í skrá sem um getur í gr. 5.18.

Gr. 5.3
Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í og gerðar hluti af þessum kafla:
 - i. „þjónustuviðskipti“,
 - ii. „þjónusta“ og
 - iii. „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“,
- b) „þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu.⁶
- c) „einstaklingur frá öðrum samningsaðila“ merkir einstaklingur sem, samkvæmt löggjöf þessa annars samningsaðila, er:
 - i. ríkisborgari þessa annars samningsaðila og búsettur á yfirráðasvæði hvaða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er eða
 - ii. einstaklingur, sem hefur fasta búsetu hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila en býr á yfirráðasvæði samningsaðila, ef þessi annar samningsaðili veitir einstaklingum með fasta búsetu hjá sér sömu meðferð í aðalatriðum og sínum eigin ríkisborgurum að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Þessi skilgreining tekur, þegar þjónusta er veitt með nærveru einstaklinga (4. háttur), til einstaklings sem hefur fasta búsetu hjá fyrrnefndum öðrum samningsaðila og býr á yfirráðasvæði samningsaðila eða á yfirráðasvæði hvaða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er,
- d) „lögpersóna annars samningsaðila“ merkir lögpersóna sem er annaðhvort:
 - i. stofnuð eða skipulögð með öðrum hætti samkvæmt lögum fyrrnefnds annars samningsaðila og stundar veruleg viðskipti á yfirráðasvæði:
 - aa) samningsaðila eða
 - bb) hvaða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er og er í eigu eða undir stjórn einstaklinga fyrrnefnds annars samningsaðila eða lögpersóna sem uppfylla öll skilyrði í i. lið undirgreinar aa eða
 - ii. ef um ræðir þjónustu, sem er veitt með viðskiptanærveru, er í eigu eða undir stjórn:
 - aa) einstaklinga frá fyrrnefndum öðrum samningsaðila eða
 - bb) lögpersóna fyrrnefnds annars samningsaðila sem eru auðkenndar í i. lið undirgreinar d,
- e) skilgreiningar á eftirfarandi hugtökum í XXVIII. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í og gerðar hluti af þessum kafla:
 - i. „ráðstöfun“,
 - ii. „veiting þjónustu“,
 - iii. „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
 - iv. „viðskiptanærvera“,
 - v. „svið“ þjónustu,
 - vi. „þjónusta annars aðila“,
 - vii. „þjónustuaðili með einkasölustöðu“,
 - viii. „þjónustuneytandi“,
 - ix. „einstaklingur eða lögpersóna“,
 - x. „lögpersóna“,
 - xi. „í eigu“, „sem er undir stjórn“ og „tengd“ og
 - xii. „beinir skattar“.

⁶ Þegar lögpersóna veitir ekki, eða sækist ekki eftir að veita, þjónustuna beint heldur á grundvelli viðskiptanærveru, eins og útibúi eða umboðsskrifstofu, skal þjónustuveitandinn (þ.e. lögpersónan) þó fá sömu meðferð vegna þessarar nærveru og þjónustuveitendur fá samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Slík meðferð skal ná til þeirrar viðskiptanærveru sem þjónustan er veitt í gegnum og þarf ekki að ná til annarrar starfsemi þjónustuveitandans utan yfirráðasvæðisins þar sem þjónustan er veitt,

Gr. 5.4

Bestukjaramedferð.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við VII. gr. GATS-samningsins og að því undanskildu sem kveðið er á um í lista hans yfir undanþágur vegna bestukjaramedferðar sem er að finna í IX. viðauka, þegar í stað og án skilyrða, að því er varðar allar ráðstafanir, sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu og þjónustuveitendum aðila öðrum en samningsaðilunum.
2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum gildandi eða síðari samningum sem samningsaðili hefur eða mun ganga frá og tilkynna um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.
3. Ef samningsaðili gerir samning af þeirri gerð sem tilkynnt er um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita þeim samningsaðila nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem felst í slíkum samningi.
4. Ákvæði 3. mgr. II. viðauka við GATS-samninginn gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar hagræði sem aðliggjandi lönd njóta, og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.5

Markaðsaðgangur.

Ákvæði XVI. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.6

Innlend meðferð.

Ákvæði XVII. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.7

Viðbótarskuldbindingar.

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.8

Innlendar reglugerðir.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstöfunum, sem hafa almennt gildi og hafa áhrif á þjónustuviðskipti, sé beitt með eðlilegum, hlutlægum og óhlutdrægum hætti.
2. Sérhver samningsaðili skal hafa eða koma á fót, eins fljótt og aðstæður leyfa, dómstólum, gerðardómum, stjórnarsýsludómstólum eða málsmeðferð sem gera ráð fyrir, að beiðni þjónustuveitanda annars samningsaðila sem málið varðar, tafarlausri endurskoðun stjórnarsýsluákvæðana sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti og, þar sem það er réttlæt看legt, að gripið verði til viðeigandi úrræða vegna slíkra stjórnarsýsluákvæðana. Ef slík málsmeðferð er ekki óháð stofnuninni, sem tekur viðkomandi stjórnarsýsluákvörðun, skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin feli í raun í sér hlutlæga og óhlutdræga endurskoðun.
3. Ef krafist er leyfis af hálfu samningsaðila fyrir veitingu þjónustu skulu lögbær yfirvöld hans tilkynna umsækjandanum, innan hæfilegs frests eftir að umsókn sem telst uppfylla innlend lög og reglugerðir hefur verið lögð fram, hvaða ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Lögbær yfirvöld samningsaðilans skulu, að beiðni umsækjandans, veita upplýsingar um stöðu umsóknarinnar án ástæðulausrar tafar.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að ráðstafanir, sem varða kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitingar innan allra þjónustusviða, séu byggðar á hlutlægum og gagnsægum viðmiðunum, eins og hæfni og getu til þess að veita þjónustuna.

5. Sameiginlega nefndin skal, með það í huga að tryggja að ráðstafanir sem varða kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitingar feli ekki í sér ónauðsynlegar hindranir í þjónustuviðskiptum, taka ákvörðun sem miðar að því að fella inn í samning þennan verklagsreglur sem verða til innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í samræmi við ákvæði 4. mgr. VI. gr. GATS-samningsins. Samningsaðilunum er og heimilt, sameiginlega eða á tvíhliða grundvelli, að ákveða að þróa frekari verklagsreglur.
6. a) Á sviðum þar sem samningsaðili hefur gengist undir sérstakar skuldbindingar, á meðan þess er beðið að ákvörðun um upptöku verklagsreglna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar öðlist gildi að því er þessi svið varðar skv. 5. mgr. og, komi samningsaðilar sér saman um þær, gengist undir verklagsreglur sem eru undirbúnar sameiginlega eða á tvíhliða grundvelli skv. 5. mgr., skal hann ekki beita kröfum og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistöðlum og kröfum og málsmeðferð vegna leyfisveitingar sem gera að engu eða skerða slíkar sérstakar skuldbindingar með þeim hætti sem:
 - i. er meira íþyngjandi en nauðsyn krefur til þess að tryggja megi gæði þjónustunnar eða
 - ii. í tilviki málsmeðferðar vegna leyfisveitingar, takmarkar í sjálfu sér veitingu þeirrar þjónustu sem um ræðir.
- b) Þegar ákvarðað er hvort samningsaðili uppfylli skyldu sína samkvæmt a-lið, skal taka tillit til þeirra alþjóðlegu staðla viðkomandi alþjóðastofnana sem sá samningsaðili beitir. Að því er þennan kafla varðar merkir „viðkomandi alþjóðastofnanir“ alþjóðlegir aðilar sem viðkomandi aðilum allra samningsaðila er frjálst að eiga aðild að.
7. Sérhver samningsaðili skal kveða á um fullnægjandi málsmeðferð til að sannreyna hæfni fagmanna annarra samningsaðila.

Gr. 5.9

Viðurkenning.

1. Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að uppfylla viðeigandi staðla sína eða viðmiðanir vegna starfsleyfis, leyfisveitingar eða atvinnuskírteina þjónustuveitenda, taka tilhlýðilegt tillit til beiðna annars samningsaðila þess efnis að viðurkenna menntun eða fengna reynslu, kröfur sem hafa verið uppfylltar eða leyfi eða atvinnuskírteini sem hafa verið gefin út í landi fyrrnefnds annars samningsaðila. Heimilt er að byggja slíka viðurkenningu á samningi eða samkomulagi við fyrrnefndan annan samningsaðila eða veita hana með öðrum hætti einhliða.
2. Viðurkenni samningsaðili, með samningi eða samkomulagi, menntun eða fengna reynslu, kröfur sem hafa verið uppfylltar eða leyfi eða atvinnuskírteini sem hafa verið gefin út á yferráðasvæði annars aðila en samningsaðila, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila nægt tækifæri til að semja um aðild að slíkum gildandi eða síðari samningi eða samkomulagi eða ganga frá við hann sambærilegum samningi eða samkomulagi. Veiti samningsaðili viðurkenningu einhliða, skal hann veita öðrum samningsaðila nægt tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, kröfur sem hafa verið uppfylltar eða leyfi eða atvinnuskírteini sem hafa verið gefin út á yferráðasvæði fyrrnefnds annars samningsaðila.
3. Allir slíkir samningar eða samkomulag eða einhliða viðurkenning skulu eða skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, einkum ákvæði 3. mgr. VII. gr. GATS-samningsins.

Gr. 5.10

För einstaklinga.

1. Ákvæði þessarar greinar gilda um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem eru þjónustuveitendur hjá samningsaðila og á einstaklinga hjá samningsaðila sem þjónustuveitandi hjá samningsaðila ræður til að veita þjónustu.
2. Ákvæði þessa kafla gilda hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði samningsaðila né gilda þau um ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.
3. Einstaklingum, sem falla undir sérstaka skuldbindingu, skal heimilt að veita þá þjónustu sem um ræðir í samræmi við skilmála þeirrar skuldbindingar.

4. Ákvæði þessa kafla koma ekki í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra komu einstaklinga annarra samningsaðila inn á yferráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, meðal annars þeim ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda heilleika landamæra sinna og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að geri að engu eða skerði þann ávinning sem samningsaðilar hafa samkvæmt skilmálum sérstakrar skuldbindingar.⁷

Gr. 5.11

Gagnsæi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.12

Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt.

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.13

Viðskiptahættir.

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.14

Greiðslur og yfirfærslur.

1. Að frátöldum þeim tilvikum sem tilgreind eru í gr. 5.15 skal samningsaðili ekki setja takmarkanir á yfirfærslur og greiðslur milli ríkja í yfirstandandi viðskiptum við annan samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningnum um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þar á meðal ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við þann samning, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti, sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans, nema samkvæmt ákvæðum gr. 5.15 eða að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gr. 5.15

Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að forðast að setja á takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1. til 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.
3. Samningsaðili, sem samþykkir eða viðheldur þess konar takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

Gr. 5.16

Styrkir.

1. Samningsaðili, sem telur sig hafa orðið fyrir skaðlegum áhrifum af styrkveitingum annars samningsaðila, getur óskað eftir sérstökum samráðsfundi um það með þeim samningsaðila. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal ganga til slíks samráðs.⁸
2. Samningsaðilarnir skulu endurskoða allar verklagsreglur, sem samkomulag er um skv. XV. gr. GATS-samningsins, með það í huga að fella þær inn í þennan kafla.

⁷ Eigi skal litið svo á að það eitt að krefjast vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt sérstakri skuldbindingu.

⁸ Sá skilningur ríkir að samráð, sem fer fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr., hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt ákvæðum 12. kafla eða samkvæmt samkomulagi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumála.

Gr. 5.17

Undanþágur.

Ákvæði XIV. gr. og 1. mgr. XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla.

Gr. 5.18

Skrár um sérstakar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann gengst undir samkvæmt gr. 5.5, 5.6 og 5.7. Tilgreina skal eftirfarandi í sérhverri skrá, að því er varðar svið þar sem gengist er undir fyrrnefndar skuldbindingar:
 - a) skilmála og takmarkanir vegna og skilyrði fyrir markaðsaðgangi,
 - b) skilyrði og forsendur fyrir innlendri meðferð,
 - c) samþykktir varðandi viðbótarskuldbindingar sem um getur í gr. 5.7 og
 - d) tímamörk fyrir framkvæmd slíkra skuldbindinga og gildistökudag slíkra skuldbindinga, eftir því sem við á.
2. Ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 5.5 og gr. 5.6, eru með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. XX. gr. GATS-samningsins.
3. Skrár samningsaðilanna yfir sérstakar skuldbindingar eru settar fram í VIII. viðauka.

Gr. 5.19

Breytingar á skrám.

Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar á sérstakri skuldbindingu eða afturköllun hennar í skrá samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, yfir sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal fara fram innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðninnar. Þegar slíkt samráð fer fram skulu samningsaðilarnir stefna að því að tryggt sé að almennu stigi skuldbindinga, sem er hagstætt hverjum og einum á gagnkvæman hátt og ekki óhagstæðara fyrir viðskipti en það sem kveðið var á um í skránni yfir sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst, sé við haldið. Breytingar á skrám eru með fyrirvara um ákvæði 11. gr. og gr. 13.2.

Gr. 5.20

Endurskoðun.

Í því augnamiði að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í áföngum stefna samningsaðilarnir að því endurskoða reglulega skrár sínar yfir sérstakar skuldbindingar og lista yfir undanþágur vegna bestukjarasamninga. Fyrsta endurskoðun af því tagi skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

Gr. 5.21

Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar mynda óaðskiljanlegan hluta þessa kafla:

- a) VIII. viðauki (Skrár yfir sérstakar skuldbindingar),
- b) IX. viðauki (Listar yfir undanþágur vegna bestukjarasamninga),
- c) X. viðauki (Fjármálaþjónusta),
- d) XI. viðauki (Fjarskiptaþjónusta),
- e) XII. viðauki (Flutningar á sjó og tengd þjónusta) og
- f) XIII. viðauki (Þjónusta tengd orkumálum).

6. KAFLI STOFNSETNING

Gr. 6.1

Gildissvið og umfang.

- Ákvæði þessa kafla gilda um viðskiptanærveru á öllum sviðum, að undanskildum þjónustusviðum eins og fram kemur í gr. 5.1.⁹
- Ákvæði þessa kafla hafa ekki áhrif á túlkun eða beitingu annarra milliríkjasamninga sem varða fjárfestingar eða skattlagningu og eitt eða fleiri EFTA-ríki og Georgía eru aðilar að.

Gr. 6.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „lögpersóna“ merkir lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í einkaeigu eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sameignarfélög, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,
- „lögpersóna hjá samningsaðila“ merkir lögpersóna sem er stofnuð eða skipulögð með öðrum hætti samkvæmt lögum samningsaðila og stundar umtalsverð viðskipti hjá þeim samningsaðila,
- „einstaklingur“ merkir aðili sem hefur ríkisfang eða fasta búsetu hjá samningsaðila í samræmi við gildandi lög hans,
- „viðskiptanærvera“ merkir hvers konar viðskiptastarfsemi, meðal annars gegnum:
 - stofnun, kaup á eða áframhaldandi rekstur lögaðila eða
 - stofnun eða áframhaldandi rekstur útibús eða umboðsskrifstofu,á yfirráðasvæði annars samningsaðila, í því skyni að stunda efnahagslega starfsemi.

Gr. 6.3

Innlend meðferð.

Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði gr. 6.4 og með þeim fyrirvörum sem settir eru fram í XIV. viðauka, veita lögpersónum og einstaklingum annars samningsaðila og viðskiptanærveru slíkra aðila ekki óhagstæðari meðferð en hann veitir, í sambærilegum aðstæðum, eigin lögpersónum og einstaklingum og viðskiptanærveru slíkra aðila.

Gr. 6.4

Fyrirvarar.

- Ákvæði gr. 6.3 gilda ekki um:
 - fyrirvara sem samningsaðili telur upp í XIV. viðauka,
 - breytingu á fyrirvara, sem um getur í undirgrein a, að því marki sem breytingin rýrir ekki samræmi fyrirvarans við ákvæði gr. 6.3,
 - nýjan fyrirvara sem samningsaðili samþykkir og er felldur inn í XIV. viðauka og sem hefur ekki áhrif á heildarskuldbindingar þess samningsaðila samkvæmt samningi þessum, að því marki sem slíkir fyrirvarar samræmast ekki ákvæðum gr. 6.3.
- Samningsaðilarnir skuldbinda sig, sem liður í þeirri endurskoðun sem kveðið er á um í gr. 6.12, til þess að endurskoða stöðu þeirra fyrirvara sem eru settir fram í XIV. viðauka, í því skyni að fækka þess konar fyrirvörum eða afnema þá.
- Samningsaðila er hvenær sem er heimilt, annaðhvort að beiðni annars samningsaðila eða einhliða, að afnema, í heild eða að hluta, fyrirvara sína, sem eru settir fram í XIV. viðauka, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna.
- Samningsaðila er hvenær sem er heimilt að fella nýjan fyrirvara inn í XIV. viðauka, í samræmi við ákvæði c-liðar 1. mgr., með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Annar samningsaðili getur, þegar hann tekur við þess háttar skriflegri tilkynningu, farið fram á samráð um

⁹ Sá skilningur ríkir að þjónusta, sem er sérstaklega undanþegin gildissviði 5. kafla, falli ekki undir gildissvið þessa kafla.

fyrirvarann. Samningsaðilinn, sem fellir inn nýja fyrirvarann, skal hefja samráð við þann samningsaðila sem fer fram á það, jafnskjótt og hann veitir samráðsbeiðninni viðtöku.

Gr. 6.5

Lykilstarfsmenn.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglugerðir, veita einstaklingum annars samningsaðila og lykilstarfsmönnum, sem starfa hjá einstaklingi eða lögpersónu annars samningsaðila, tímabundið leyfi til komu og dvalar á yfirráðasvæði sínu í því skyni að stunda starfsemi, sem tengist viðskiptanærveru, meðal annars veita ráðgjöf og mikilvæga tækniþjónustu.
2. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um eigin lög og reglugerðir, heimila einstaklingi eða lögpersónu annars samningsaðila, ásamt viðskiptanærveru hans eða hennar, að ráða til sín, í tengslum við viðskiptanærveru og að eigin vali þess einstaklings eða lögpersónu, lykilstarfsmenn óháð þjóðerni og ríkisfangi, að því tilskildu að þessum lykilstarfsmönnum hafi verið heimiluð koma, dvöl og atvinna á yfirráðasvæði hans og að viðkomandi starf sé í samræmi við þá skilmála, skilyrði og tímamörk sem felast í þeirri heimild sem er veitt fyrrnefndum lykilstarfsmönnum.
3. Samningsaðilarnir skulu, með fyrirvara um eigin lög og reglugerðir, veita maka og ólögráða börnum einstaklings, sem fengið hefur tímabundið leyfi til komu, dvalar og til að stunda atvinnu í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr., tímabundið leyfi til komu og dvalar og útvega þeim nauðsynleg staðfestingarskjöl. Maka og ólögráða börnum skal heimiluð koma/dvöl til sama tíma og dvöl fyrrnefnds einstaklings varir.

Gr. 6.6

Réttur til stýringar.

1. Samningsaðila er heimilt, með fyrirvara um ákvæði þessa kafla og án mismununar, að samþykkja, viðhalda eða framfylgja hverri þeirri ráðstöfun sem þjónar almannahagsmunum, meðal annars ráðstöfunum til að koma til móts við heilsufars-, öryggis- eða umhverfissjónarmið eða eðlilegum ráðstöfunum í skynsamlegum tilgangi.
2. Samningsaðili skal hvorki falla né víkja að öðru leyti frá, eða bjóðast til að falla eða víkja að öðru leyti frá, fyrrnefndum ráðstöfunum, í því skyni að hvetja til þess að stofnað verði til viðskiptanærveru aðila frá öðrum samningsaðila eða aðila annars en samningsaðila, að hún sé keypt, færð út eða henni viðhaldið á yfirráðasvæði hans.

Gr. 6.7

Gagnsæi

Lög, reglugerðir, dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurði, sem hafa almennt gildi og samningsaðili framfylgir, svo og gildandi samninga milli samningsaðila, sem hafa áhrif á mál sem ákvæði þessa kafla taka til, skal birta án tafar með þeim hætti að samningsaðilarnir og lögpersónur og einstaklingar þeirra geti kynnt sér efni þeirra. Ekkert í þessari grein krefst þess af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál samkvæmt landslögum hans eða myndu hindra framfylgd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni lögpersóna eða einstaklinga.

Gr. 6.8

Greiðslur og yfirfærslur.

1. Að frátöldum þeim aðstæðum sem eru fyrirséðar samkvæmt gr. 6.9 skal samningsaðili ekki setja takmarkanir á gengar greiðslur og fjármagnsflutninga í tengslum við starfsemi viðskiptanærveru sem ekki er á þjónustusviði.
2. Ekkert í þessum kafla hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningnum um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þar á meðal ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við þann samning, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem eru í ósamræmi við skuldbindingar hans samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Gr. 6.9

Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að forðast að grípa til takmarkana til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1. til 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla, að breyttu breytanda.
3. Samningsaðili, sem samþykkir eða viðheldur þess háttar takmörkunum, skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

Gr. 6.10

Almennar undantekningar.

Ákvæði XIV. gr. GATS-samningsins gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla, að breyttu breytanda.

Gr. 6.11

Undantekningar af öryggisáæðum.

Ákvæði 1. mgr. XIV. gr. í GATS-samningnum gilda og eru hér með felld inn í og gerð hluti af þessum kafla, að breyttu breytanda.

Gr. 6.12

Endurskoðun.

Ákvæði þessa kafla skal endurskoða reglulega innan sameiginlegu nefndarinnar með tilliti til þess kosts að þróa enn frekar skuldbindingar samningsaðilanna.

7. KAFLI

VERND HUGVERKA

Gr. 7

Vernd hugverka.

1. Samningsaðilarnir skulu veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar og gera ráð fyrir ráðstöfunum til að framfylgja þeim réttindum gegn brotum á þeim, meðal annars fölsun og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og XV. viðauka og þá alþjóðasamninga sem þar er getið.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hvers annars óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði 3. og 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „TRIPS-samningurinn“).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum hvers annars óhagstæðari meðferð en veitt er ríkisborgurum aðila öðrum en samningsaðilunum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu vera í samræmi við efnisákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr. hans.
4. Samningsaðilarnir samþykkja, að beiðni samningsaðila sem á sæti í sameiginlegu nefndinni, að endurskoða ákvæðin um vernd hugverkaréttinda, sem er að finna í þessum kafla og í XV. viðauka, með það í huga að auka enn frekar vernd og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af núverandi vernd hugverkaréttinda.

8. KAFLI

OPINBER INNKAUP

Gr. 8.1

Gildissvið og umfang.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um hvers kyns ráðstafanir samningsaðila viðvíkjandi innkaupum sem falla undir gildissvið hans. Í þessum kafla merkir „innkaup sem falla undir gildissvið hans“ innkaup á vegum hins opinbera:
 - a) á vörum, þjónustu eða hvaða samsetningu þeirra sem er:
 - i. eins og tilgreint er í viðbættum sérhvers samningsaðila við XVI. viðauka og

- ii. sem eru ekki keyptar inn til sölu eða endursölu í viðskiptalegum tilgangi eða til nota við framleiðslu eða afhendingu vara eða þjónustu vegna sölu eða endursölu í viðskiptalegum tilgangi,
 - b) hvert sem samningsformið er, þ.m.t. kaup, fjármögnunarleiga, leiga eða kaupleiga, með eða án kaupréttar,
 - c) sem að verðgildi, eins og það er metið í samræmi við þær reglur sem tilgreindar eru í 9. viðbæti við XVI. viðauka, jafngilda eða fara yfir viðeigandi viðmið, sem er tilgreint í 1.-3. viðbæti við XVI. viðauka, þegar auglýsing er birt í samræmi við gr. 8.10,
 - d) af hálfu innkaupastofnunar og
 - e) sem eru ekki að öðru leyti útilokuð skv. 2. mgr. eða XVI. viðauka.
2. Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:
- a) kaup eða leigu á landi, byggingum sem eru til fyrir eða öðrum fasteignum eða réttindi þeim viðkomandi,
 - b) samkomulag utan samninga eða annars konar aðstoð, sem samningsaðili veitir, þ.m.t. samstarfssamningar, styrkir, lán, eiginfjárukning, ábyrgðir og efnahagshvatar,
 - c) kaup eða yfirtöku á þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði félagslita og reksturs fyrir eftirlitsskyldar fjármálastofnanir eða þjónustu sem tengist sölu, innlausn og dreifingu skulda hins opinbera, þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldarviðurkenningar og önnur verðbréf,
 - d) ráðningarsamninga hins opinbera,
 - e) innkaup sem eru gerð:
 - i. í þeim sérstaka tilgangi að veita alþjóðlega aðstoð, að meðtalinni þróunaraðstoð,
 - ii. samkvæmt sérstakri málsmeðferð eða skilyrði milliríkjasamnings viðvíkjandi staðsetningu herliðs eða sameiginlegri framkvæmd verkefnis sem undirritunarríkin annast eða
 - iii. samkvæmt sérstakri málsmeðferð eða skilyrði alþjóðastofnunar eða sem eru fjármögnuð með alþjóðlegum styrkjum, lánum eða annarri aðstoð, þar sem viðeigandi málsmeðferð eða skilyrði myndi ekki samrýmast ákvæðum þessa kafla.

Gr. 8.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „verslunarvörur eða þjónusta í atvinnuskyni“ merkir vörur eða þjónustu af þeirri gerð sem er almennt seld eða er á boðstólum á almennum markaði fyrir aðra aðila- en hið opinbera í öðrum tilgangi en opinberum og oftast keypt af þeim,
- b) „þjónusta á sviði byggingaframkvæmda“ merkir þjónusta, sem miðar að mannvirkjagerð eða því að reisa byggingamannvirki með hvaða hætti sem er, sem er byggð á 51. deild bráðabirgðaútgáfu aðalvöruflokkunar Sameinuðu þjóðanna (CPC) og samsvarandi deildum, hópum, greinum og flokkum hins sameiginlega innkaupaorðasafns (CPV),
- c) „dagar“ merkir almanaksdagar,
- d) „rafrænt uppboð“ merkir ítrunarferli sem felur það í sér að birgjar nota rafrænar aðferðir til að kynna annaðhvort nýtt verð eða ný gildi fyrir mælanlega þætti í tilboðinu aðra en verð sem tengjast matsviðmiðunum, eða hvort tveggja, og leiða til röðunar eða endurröðunar tilboða,
- e) „skriflegur eða skrifaður“ merkir hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla síðar, þ.m.t. upplýsingar sem eru sendar eða vistaðar með rafrænum hætti,
- f) „lokað útboð“ merkir innkaupaaðferð þar sem innkaupastofnunin hefur samband við birgi eða birgja að eigin vali,
- g) „ráðstöfun“ merkir hvers konar lög, reglugerð, málsmeðferð, stjórnsýsluleiðbeiningar eða -venjur eða hvers konar aðgerð innkaupastofnunar vegna innkaupa sem falla undir gildissvið þessa kafla,
- h) „fjölnota listi“ merkir listi yfir birgja sem innkaupastofnun hefur ákvarðað að uppfylli skilyrðin fyrir því að vera á þeim lista og innkaupastofnunin hyggst nota oftast en einu sinni,

- i) „auglýsing um fyrirhuguð innkaup“ merkir auglýsing, sem innkaupastofnun birtir, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að leggja fram þáttökubeiðni, tilboð eða hvort tveggja,
- j) „auglýsing um áætluð innkaup“ merkir auglýsing sem innkaupastofnun birtir og varðar framtíðarinnkaupaáætlanir hennar,
- k) „jöfnun“ merkir skilyrði eða viðfangsefni sem stuðlar að byggðapróun eða bætir viðskipta-jöfnuð sammingsaðila, t.d. með því að nota innlend aðföng, leyfi fyrir tækni, fjárfestingu, verslun til jöfnunar og sambærilegar aðgerðir eða kröfur,
- l) „almennt útboð“ merkir innkaupaaðferð þar sem öllum áhugasömum birgjum er heimilt að leggja fram tilboð,
- m) „aðili“ merkir einstaklingur eða lögpersóna,
- n) „innkaupastofnun“ merkir stofnun sem fellur undir 1.-3. viðbæti við XVI. viðauka,
- o) „hæfur birgir“ merkir birgir sem innkaupastofnun viðurkennir að hafi fullnægt þáttöku-skilyrðum,
- p) „útboð með forvali“ merkir innkaupaaðferð þar sem viðkomandi innkaupastofnun býður einungis hæfum birgjum að leggja fram tilboð,
- q) „þjónusta“ felur í sér þjónustu á sviði byggingaframkvæmda nema annað sé tilgreint,
- r) „staðall“ merkir skjal, sem viðurkennd stofnun hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um almenna og endurtekna notkun, reglur, leiðbeiningar eða eiginleika vara eða þjónustu eða ferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast þeim og ekki er skylt að fylgja. Slíkir staðlar geta og falið í sér eða eingöngu fjallað um íðorð, tákni, pökkun, merkingar eða kröfur varðandi merkimiða eins og þau eða þær gilda um vöru, þjónustu, ferli eða framleiðsluaðferð,
- s) „birgir“ merkir aðili eða hópur aðila sem lætur eða getur látið í té vörur eða þjónustu,
- t) „tækniforskrift“ merkir útboðskrafa þar sem:
 - i. mælt er fyrir um eiginleika vöru eða þjónustu, sem til stendur að kaupa, meðal annars gæði, nothæfi, öryggi og stærðir eða ferli og aðferðir við framleiðslu þeirra eða útvegum eða
 - ii. fjallað er um íðorðanotkun, tákni, pökkun, merkingar eða kröfur varðandi merkimiða, eftir því sem þau eða þær gilda um tiltekna vöru eða þjónustu.

Gr. 8.3

Undantekningar af öryggisástandum og almennar undantekningar.

1. Ekkert í þessum kafla skal túlka með þeim hætti að hindri sammingsaðila í að grípa til aðgerða eða birta ekki upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína sem varða innkaup á vopnum, skotfærum eða hergögnum eða óhjákvæmileg innkaup vegna þjóðaröryggis eða landvarna.
2. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að komi í veg fyrir að sammingsaðili innleiði eða beiti eftirfarandi ráðstöfunum, með fyrirvara um þá kröfu að þess háttar ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að hafi í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætianlega mismunun meðal sammingsaðilanna þar sem aðstæður eru þær sömu eða dulda takmörkun í viðskiptum milli sammingsaðilanna, þ.e. ráðstöfunum:
 - a) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, viðhalda allsherjarreglu eða almennt öryggi,
 - b) sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna,
 - c) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda hugverk eða
 - d) sem tengjast vörum eða þjónustu fatlaðs fólks, góðgerðarstofnana eða vörum eða þjónustu sem er afrakstur vinnu í fangelsum.

Gr. 8.4

Innlend meðferð og bann við mismunun.

1. Sérhver sammingsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, skal, með tilliti til hvers konar ráðstafana viðvirkjandi innkaupum, sem falla undir gildissvið þessa kafla, veita, tafarlaust og skilyrðislaust, eigi óhagstæðari meðferð, þegar um ræðir vörur og þjónustu annars sammingsaðila og birgja

annars samningsaðila sem bjóða fram slíkar vörur eða þjónustu, en þá meðferð sem er veitt innlendum vörum, þjónustu og birgjum.

2. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, skal, með tilliti til hvers konar ráðstafana viðvirkjandi innkaupum sem falla undir gildissvið þessa kafla:
 - a) ekki veita birgi með staðfestu í landi sínu óhagstæðari meðferð en öðrum birgjum með staðfestu í landinu á grundvelli umfangs erlendra eignartengsla eða erlends eignarhalds eða
 - b) ekki mismuna birgi með staðfestu í landi sínu á þeim grundvelli að þær vörur eða sú þjónusta sem sá birgir býður fram vegna tiltekinnna innkaupa séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

Gr. 8.5

Notkun rafrænna aðferða.

1. Samningsaðilarnir skulu, eftir því sem unnt er, leitast við að nota rafrænar samskiptaáðferðir sem gera kleift að miðla á skilvirkan hátt upplýsingum um opinber innkaup, einkum að því er varðar tækifæri, sem stofnanir veita til tilboðsgerðar, og virða um leið meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.
2. Innkaupastofnun skal við rafræn innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla:
 - a) tryggja að við innkaupin séu notuð kerfi upplýsingatækni og hugbúnaður, þ.m.t. þau sem eiga skylt við sannvottun og dulkóðun upplýsinga, sem eru á almennum markaði og rekstrar-samhæfð öðrum kerfum upplýsingatækni og hugbúnaði á almennum markaði og
 - b) viðhalda kerfum sem tryggja óskert ástand þátttökubeiðna og tilboða og tilgreina meðal annars hvenær þeim er veitt viðtaka og útiloka óviðkomandi aðgang.

Gr. 8.6

Framkvæmd innkaupa.

Innkaupastofnun skal gera innkaup, sem falla undir gildissvið þessa kafla, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt:

- a) sem samræmist ákvæðum þessa kafla, þar sem aðferðum eins og almennu útboði, útboði með forvali og lokuðu útboði er beitt,
- b) þar sem sneitt er hjá hagsmunaaárekstrum og
- c) þar sem komið er í veg fyrir spillta starfshætti.

Gr. 8.7

Upprunareglur.

Enginn samningsaðili skal beita, með tilliti til innkaupa sem falla undir gildissvið þessa kafla, upprunareglum gagnvart vörum eða þjónustu, sem annar samningsaðili flytur inn eða afhendir, þ.e. upprunareglum sem eru frábrugðnar þeim sem samningsaðilinn beitir á sama tíma í eðlilegum viðskiptum.

Gr. 8.8

Jöfnun.

Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, skal ekki, með tilliti til innkaupa sem falla undir gildissvið þessa kafla, leita eftir, hafa hliðsjón af, innleiða eða framfylgja jöfnun af neinum toga.

Gr. 8.9

Upplýsingar um fyrirkomulag innkaupa.

1. Sérhver samningsaðili skal upplýsa án tafar um allar ráðstafanir sem hafa almennt gildi að því er innkaup, sem falla undir gildissvið þessa kafla, varðar og hvers kyns breytingar á þeim upplýsingum í opinberlega tilnefndummiðli, rafrænum eða prentmiðli, sem hefur mikla útbreiðslu og almenningur hefur og mun hafa greiðan aðgang að.
2. Sérhver samningsaðili skal, að fram kominni beiðni, gefa öðrum samningsaðila skýringu á þess konar upplýsingum.

Gr. 8.10

Auglýsingar.

1. Fyrir hver þau innkaup, sem falla undir gildissvið þessa kafla, skal innkaupastofnun birta auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, nema við þær aðstæður er um getur í gr. 8.18. Auglýsingin skal birt í þeim rafræna miðli eða prentmiðli sem er tilgreindur í 7. viðbæti við XVI. viðauka. Slíkur miðill skal hafa mikla útbreiðslu og skal auglýsingin vera aðgengileg að minnsta kosti út þann frest sem tilgreindur er í henni. Auglýsingin skal:
 - a) að því er varðar innkaupastofnanir, sem falla undir gildissvið 1. viðbætis við XVI. viðauka, vera aðgengileg með rafrænum hætti og án endurgjalds gegnum einn aðgangsstað og
 - b) að því er varðar þær innkaupastofnanir sem falla undir gildissvið 2. og 3. viðbætis við XVI. viðauka og sé hún aðgengileg með rafrænum hætti, lögð fram að minnsta kosti gegnum tengingar í rafrænni gátt sem er aðgengileg án endurgjalds.
2. Samningsaðilar, þar með taldar þær innkaupastofnanir sem fjallað er um í 2. eða 3. viðbæti við XVI. viðauka, eru hvattir til þess að birta auglýsingar sínar með rafrænum hætti og án endurgjalds gegnum einn aðgangsstað.
3. Sérhver auglýsing um fyrirhuguð innkaup skal innihalda þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 10. viðbæti við XVI. viðauka nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.
4. Sérhver samningsaðili skal hvetja innkaupastofnanir sínar til þess að birta, í viðeigandi prentmiðli eða rafrænum miðli sem er tilgreindur í 7. viðbæti við XVI. viðauka og eins snemma á hverju reikningsári og frekast er unnt, auglýsingu um framtíðarinnkaupaáform sín. Auglýsingin um áætluð innkaup ætti að innihalda efni innkaupanna og áætlaðan birtingardag auglýsingarinnar um fyrirhuguð innkaup.
5. Innkaupastofnun, sem fjallað er um í 2. eða 3. viðbæti við XVI. viðauka, er heimilt að nota auglýsingu um áætluð innkaup sem auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, að því tilskildu að í auglýsingunni um áætluð innkaup komi fram sama magn þeirra upplýsinga sem um getur í 3. mgr. og viðkomandi stofnun býr yfir, ásamt yfirlýsingu þess efnis að áhugasamir birgjar ættu að láta í ljós áhuga sinn á innkaupunum við innkaupastofnunina.

Gr. 8.11

Skilyrði fyrir þátttöku.

1. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, skal, þegar hann setur þau skilyrði fyrir þátttöku sem gilda og metur hvort birgir uppfylli þau skilyrði:
 - a) takmarka öll skilyrði fyrir þátttöku í innkaupum við þau sem skipta höfuðmáli til að tryggt sé að birgir hafi lögformlegt og fjárhagslegt hæfi og viðskiptalega og tæknilega getu til að ábyrgjast viðkomandi innkaup,
 - b) meta fjárhagslegt hæfi og viðskiptalega og tæknilega getu birgis á grundvelli atvinnustarfsemi birgisins, bæði innan og utan yfirráðasvæðis samningsaðila innkaupastofnunarinnar,
 - c) einungis grundvalla mat sitt á þeim skilyrðum sem innkaupastofnunin hefur tilgreint fyrir fram í auglýsingum eða útboðsgögnum,
 - d) ekki setja það skilyrði fyrir því að birgir geti tekið þátt í innkaupunum að innkaupastofnun tiltekins samningsaðila hafi áður valið eitt eða fleiri tilboð hans til samningsgerðar og
 - e) hafa heimild til að krefjast þess að viðeigandi fyrri reynsla sé fyrir hendi þegar slík reynsla er frumskilyrði fyrir því að uppfylla þær kröfur sem eru gerðar vegna innkaupanna.
2. Ef sönnunargögn liggja fyrir getur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, útilokað birgi frá þátttöku, m.a. vegna:
 - a) gjaldþrots,
 - b) rangra yfirlýsinga,
 - c) verulegra eða endurtekinna annmarka á efdum mikilvægrar kröfu eða skyldu samkvæmt fyrri samningi eða samningum,
 - d) endanlegra dóma vegna alvarlegra refsilagabrota eða annarra alvarlegra brota,
 - e) misferlis í starfi eða verknaða eða vanrækslu sem skaðar ímynd birgisins með tilliti til áreiðanleika hans í viðskiptum eða
 - f) vanrækslu þess að greiða skatta.

Gr. 8.12

Skráningarkerfi og verklag við hæfismat.

1. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, getur viðhaldið skráningarkerfi fyrir birgja þar sem áhugasömum birgjum er gert að skrá sig og veita ákveðnar upplýsingar.
2. Samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, skal ekki samþykkja eða beita verklagi við hæfismat í þeim tilgangi, eða sem gerir að verkum, að þátttaka birgja annarra samningsaðila í innkaupum hans sé hindruð að óþörfu.
3. Innkaupastofnun skal án tafar tilkynna birgjum, sem leggja fram beiðni um þátttöku í innkaupum hennar, um ákvörðun sína viðvíkjandi beiðninni. Ef innkaupastofnun hafnar beiðni birgis um þátttöku eða viðurkennir ekki lengur hæfi birgis skal sú stofnun, að fram kominni beiðni viðkomandi birgis, láta honum í té, án tafar, skriflega skýringu á þeim ástæðum sem liggja að baki ákvörðun hennar.
4. Hyggist innkaupastofnun nota útboð með forvali skal hún heimila öllum hæfum birgjum að taka þátt í tilteknum innkaupum, nema innkaupastofnunin tilgreini í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup takmörkun á fjölda birgja sem hafi heimild til þess að gera tilboð og tilgreini jafnframt þær viðmiðanir sem gilda þegar velja skal takmarkaðan fjölda birgja.

Gr. 8.13

Fjölnota listar.

1. Innkaupastofnun er heimilt að viðhalda fjölnota lista yfir birgja, að því tilskildu að auglýsing, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að sækja um að vera á listanum, sé birt árlega í viðeigandi miðli sem er að finna í 7. viðbæti við XVI. viðauka og hún birt með rafrænum hætti, sé stöðugt aðgengileg í þeim rafræna miðli sem er að finna í 7. viðbæti við XVI. Haldi fjölnota listi gildi sínu í þrjú ár eða skemur er innkaupastofnun heimilt að birta auglýsinguna aðeins einu sinni við upphaf gildistíma listans.
2. Í auglýsingunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 10. viðbæti við XVI. viðauka.
3. Innkaupastofnun skal heimila birgjum að sækja hvenær sem er um að vera á fjölnota lista og færa á listann alla hæfa birgja innan hæfilega skamms tíma. Hafni innkaupastofnun umsókn birgis um að verða færður á fjölnota lista eða fjarlægji hún birgi af honum skal sú stofnun tilkynna viðkomandi birgi um það án tafar og, fari birgirinn fram á það, láta honum tafarlaust í té skriflega skýringu á þeim ástæðum sem ákvörðun hennar er byggð á.

Gr. 8.14

Útboðsgögn.

1. Innkaupastofnun skal láta birgjum í té útboðsgögn með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að gera þeim kleift að undirbúa og leggja fram svartilboð. Í þeim útboðsgögnum skal gera ítarlega grein fyrir þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í 10. viðbæti við XVI. viðauka, nema það hafi þegar verið gert í auglýsingunni um fyrirhuguð innkaup.
2. Bjóði innkaupastofnanir ekki frjálsan og beinan aðgang að öllum útboðsgögnum, ásamt viðbótargögnum, með rafrænum hætti, skulu þær þegar í stað hafa útboðsgögnin aðgengileg að fram kominni beiðni áhugasamra birgja samningsaðilanna. Innkaupastofnanirnar skulu og svara án tafar öllum eðlilegum beiðnum frá áhugasömum birgjum, sem eru þátttakendur, um viðeigandi upplýsingar, enda veiti slíkar upplýsingar viðkomandi birgi ekki forskot á aðra birgja.

Gr. 8.15

Tækniforskriftir.

1. Innkaupastofnun skal hvorki semja, samþykkja eða beita neinum tækniforskriftum né mæla fyrir um samræmismatsaðferðir í því skyni, eða sem hafa þau áhrif, að hindra viðskipti milli samningsaðilanna að óþörfu.
2. Þegar innkaupastofnun mælir fyrir um tækniforskriftir viðvíkjandi vörum eða þjónustu, sem er keypt inn, skal hún, eftir því sem við á:

- a) setja viðeigandi tækniforskrift fram með tilliti til krafna um nothæfi og virkni fremur en með tilliti til hönnunar eða lýsandi eiginleika og
 - b) byggja viðeigandi tækniforskrift á alþjóðlegum stöðlum ef til eru eða að öðrum kosti á ESB-stöðlum, innlendum tæknireglugerðum¹⁰, innlendum stöðlum eða innlendum byggingarreglugerðum.
3. Innkaupastofnun ætti að gefa til kynna, þegar hönnun eða lýsandi eiginleikar er notuð eða notaðir í tækniforskriftum og þar sem það á við, að hún muni fjalla um tilboð um sambærilegar vörur eða þjónustu, sem augljóslega uppfylla eða uppfyllir þær kröfur sem eru gerðar vegna innkaupanna, með því að fella orð eins og „eða sambærilegur“ inn í útboðsgögnin.
 4. Innkaupastofnun skal ekki mæla fyrir um tækniforskriftir þar sem gerð er krafa um eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða tegundar, sérstaks uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ógerlegt sé að lýsa útboðsskilmálum nógu nákvæmlega eða skiljanlega með öðrum hætti og að því tilskildu að í slíkum tilvikum felli viðkomandi stofnun orð eins og „eða sambærilegur“ inn í útboðsgögnin.
 5. Innkaupastofnun skal ekki leita eftir eða samþykkja, með þeim hætti sem myndi hafa samkeppnishindrandi áhrif, ráðgjöf frá aðila, sem kann að hafa viðskiptahagsmuni tengda innkaupunum, þ.e. ráðgjöf sem kann að verða notuð við undirbúning eða samþykkt tækniforskrifta vegna tiltekinnna innkaupa. Ákvæði þetta útilokar ekki markaðskannanir til undirbúnings í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
 6. Til frekari glöggvunar getur samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, samið, samþykkt eða beitt, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, tækniforskriftum til þess að stuðla að varðveislu náttúruauðlinda eða vernda umhverfið.

Gr. 8.16

Breytingar á útboðsgögnum og tækniforskriftum.

Breyti innkaupastofnun, áður en tilboð er valið til samningsgerðar, þeim viðmiðunum eða kröfum sem settar eru fram í auglýsingu eða útboðsgögnum og látin eru þeim birgjum sem eru þátttakendur í té eða breyti eða endurútgefi auglýsingu eða útboðsgögn, skal hún senda skriflega allar slíkar breytingar, breytta eða endurútgefna auglýsingu eða útboðsgögn:

- a) öllum birgjum sem eru þátttakendur þegar breytingarnar eða endurútgáfa á sér stað, ef vitað er um þær, og í öllum öðrum tilvikum með sama hætti og upprunalegu upplýsingarnar voru gerðar aðgengilegar og
- b) í tæka tíð til þess að fyrrnefndir birgjar geti breytt og lagt fram að nýju breytt tilboð, eftir því sem við á.

Gr. 8.17

Tímamörk.

Innkaupastofnun skal, í samræmi við eðlilegar eigin þarfir, gefa birgjum nægan tíma til þess að undirbúa og leggja fram beiðnir um þátttöku og svartilboð, einkum að teknu tilliti til eðlis innkaupanna og þess hversu flókin þau eru. Sérhver samningsaðili skal setja tímamörk í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í 8. viðbæti við XVI. viðauka. Fyrrnefnd tímamörk, þ.m.t. framlenging þeirra, skulu vera þau sömu fyrir alla birgja sem sýna áhuga eða eru þátttakendur.

Gr. 8.18

Lokað útboð.

1. Innkaupastofnun er heimilt að nota lokað útboð og velja að beita ekki ákvæðum gr. 8.10, 8.11, 8.12, 8.13, 8.14, 8.17, 8.19, 8.20, 8.21 og 8.22 aðeins við eftirfarandi aðstæður, að því tilskildu að hún beiti þessu ákvæði ekki í því skyni að forðast samkeppni milli birgja eða með þeim hætti að mismuni birgjum annars samningsaðila eða verndi innlenda birgja:
 - a) þegar:
 - i. engin tilboð eru lögð fram eða enginn birgir leggur fram þátttökubeiðni,

¹⁰ Georgíu er heimilt að beita innlendum tæknireglugerðum, sem kunna að víkja frá viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, fram til septembermánaðar 2022.

- ii. engin tilboð, sem samræmast grunnkröfum samkvæmt útboðsgögnum, eru lögð fram,
 - iii. engir birgjar uppfylla þáttökuskilyrði eða
 - iv. framlögð tilboð hafa falið í sér samráð,
- að því tilskildu að kröfum samkvæmt útboðsgögnum sé ekki breytt efnislega,
- b) þegar einungis tiltekinn birgji getur afhent þær vörur eða þá þjónustu er um ræðir og ekki fyrirfinnast hæfilegir valkostir hvað þær eða hana varðar eða aðrar eða önnur í þeirra stað af einverjum þeim ástæðum sem hér greinir:
 - i. innkaupin varða listaverk,
 - ii. um ræðir vernd einkaleyfa, höfundarréttar eða annars einkaréttar eða
 - iii. ekki er um samkeppni að ræða á markaði af tæknilegum orsökum,
 - c) um ræðir viðbótar afhendingu upphaflegs birgis á vöru og þjónustu sem upphafleg innkaup tóku ekki til og skipti á birgi til að afhenda sams konar viðbótarvörur og -þjónustu:
 - i. geta ekki farið fram af efnahags- eða tæknilegum ástæðum, s.s. vegna krafna um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi að því er varðar þann tækjabúnað, hugbúnað, þjónustu eða uppsett kerfi sem fyrir eru og aflað var með upphaflegum innkaupum og
 - ii. myndu hafa í för með sér verulegt óhagræði fyrir innkaupastofnunina eða umtalsverðan kostnað vegna tvíverknaðar,
 - d) þegar ekki væri hægt að fá vörurnar eða þjónustuna afhentar eða afhenta tímanlega í opnu útboðsferli eða útboðsferli með forvali, svo fremi að algjöra nauðsyn beri til vegna brýnnar þarfar af völdum atburða sem viðkomandi innkaupastofnun getur ekki séð fyrir,
 - e) þegar um ræðir vörur keyptar á vörumarkaði,
 - f) þegar innkaupastofnun kaupir frumgerð eða fyrstu vöru eða þjónustu sem er þróuð að beiðni hennar í tengslum við og vegna tiltekins samnings um rannsókn, tilraun, athugun eða frumþróun. Frumþróun fyrstu vöru eða þjónustu getur falið í sér takmarkaða framleiðslu eða afhendingu í því skyni að fella inn niðurstöður vettvangsprófana og sýna fram á að varan eða þjónustan sé hæf til framleiðslu eða afhendingar í magni og samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum, en felur ekki í sér magnframleiðslu eða -afhendingu í því skyni að sannreyna markaðshæfi eða til að endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað,
 - g) þegar um ræðir innkaup, sem eru gerð við sérlega hagstæðar aðstæður sem einungis koma upp í mjög skamman tíma vegna óvenjulegra ráðstafana, eins og ráðstafana vegna félagsslita, skiptameðferðar eða gjaldþrotameðferðar, en ekki þegar um ræðir venjubundin kaup af venjulegum birgjum eða
 - h) þegar tilboð vinningshafa í hönnunarsamkeppni er valið til samningsgerðar, að því tilskildu að:
 - i. samkeppnin hafi verið skipulögð þannig að samræmist grundvallarreglum þessa kafla, einkum þeim sem varða birtingu auglýsingar um fyrirhuguð innkaup og
 - ii. óháð dómnefnd eða nefnd um hönnunarsamkeppni dæmi þátttakendurna með það í huga að ganga til samninga um hönnunina við vinningshafa.
2. Innkaupastofnun skal taka saman skriflega skýrslu um sérhvert val til samningsgerðar skv. 1. mgr. Í skýrslunni skal koma fram nafn viðkomandi innkaupastofnunar, verðmæti og tegund þeirra vara eða þjónustu sem er keypt og yfirlýsing þar sem fram koma þær aðstæður og þau skilyrði sem er lýst í 1. mgr. og réttlættu notkun lokaðs útboðs.

Gr. 8.19

Rafræn uppboð.

- 1. Hyggist innkaupastofnun gera innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla og nota rafrænt uppboð skal viðkomandi innkaupastofnun láta sérhverjum þátttakanda í té eftirfarandi áður en hið rafræna uppboð hefst:
 - a) sjálfvirku matsaðferðina, meðal annars þá stærðfræðiformúlu sem stuðst er við sem byggð er á þeim matsviðmiðunum sem sett eru fram í útboðsgögnum og notuð verður við sjálfvirka röðun eða endurröðun meðan á uppboðinu stendur,
 - b) niðurstöður upphaflegs mats á grunnþáttum tilboðs hans, standi til að velja tilboð til samningsgerðar á grundvelli hagstæðasta tilboðs og

- c) hvers kyns aðrar upplýsingar sem máli skipta og varða stýringu uppboðsins.

Gr. 8.20

Samningaviðræður.

1. Samningsaðili getur ákveðið að innkaupastofnanir hans efni til samningaviðræðna:
 - a) hafi viðkomandi stofnun gefið þá fyrirætlun til kynna í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup samkvæmt gr. 8.10 eða
 - b) þegar mat leiðir í ljós að ekkert eitt tilboð sé augljóslega hagstæðast í ljósi þeirra tilteknu matsviðmiðana sem sett voru fram í auglýsingunni eða í útboðsgögnunum.
2. Innkaupastofnun skal:
 - a) tryggja að birgjar, sem taka þátt í samningaviðræðum, séu útilokaðir í samræmi við þær matsviðmiðanir sem settar voru fram í auglýsingunni eða í útboðsgögnunum og
 - b) sé efnt til samningaviðræðna, setja fram sameiginlegan frest fyrir þá birgja sem eru þátttakendur og eftir eru til að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð.

Gr. 8.21

Meðferð tilboða.

1. Innkaupastofnun skal taka við, opna og meðhöndla öll tilboð samkvæmt málsmeðferð sem tryggir sanngirni og óhlutdrægni í innkaupaferlinu og að farið sé með tilboð sem trúnaðarmál.
2. Innkaupastofnun skal ekki láta birgi gjalda þess ef tilboð hans berst eftir að tilgreindur frestur er liðinn vegna tafa sem stafa einvörðungu af glöpum af hálfu viðkomandi innkaupastofnunar.
3. Gefi innkaupastofnun birgjum tækifæri til að leiðrétta óviljandi formgalla, milli þess að tilboð eru opnuð og val til samningsgerðar fer fram, skal stofnunin veita öllum birgjum, sem eru þátttakendur, sama tækifæri.

Gr. 8.22

Val tilboða til samningsgerðar.

1. Til að tilboð komi til greina við val til samningsgerðar skal leggja það fram skriflega og skal tilboðið, við opnun, samrýmast grundvallarkröfum sem settar eru fram í auglýsingu og útboðsgögnum og vera frá birgi sem uppfyllir þáttökuskilyrði.
2. Innkaupastofnun skal, nema hún ákveði að val tilboðs til samningsgerðar þjóni ekki almanna-hagsmunum, ganga til samninga við þann birgi sem hún telur geta uppfyllt samningsskilyrðin og sem hefur, einvörðungu eftir þeim matsviðmiðunum að dæma sem eru tilgreind í auglýsingu og útboðsgögnum, lagt fram:
 - a) hagstæðasta tilboðið eða
 - b) þegar verð er eina viðmiðunin, tilboðið með lægsta verðinu.
3. Hafi innkaupastofnun borist tilboð, sem er óeðlilega lágt miðað við önnur tilboð sem borist hafa, getur hún gert fyrirspurn til birgisins til þess að fullvissa sig um að hann geti uppfyllt þáttökuskilyrði og staðið við skilmála samningsins.
4. Beiti innkaupastofnun valfrjálsum ákvæðum, hætti við innkaup eða breyti gerðum samningum, skal hún ekki fara fram með þeim hætti að farið sé í kringum skyldur samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Gr. 8.23

Gagnsæi upplýsinga um innkaup.

1. Innkaupastofnun skal án tafar veita birgjum, sem eru þátttakendur, upplýsingar um ákvarðanir sínar um val til samningsgerðar og gera það skriflega sé þess óskað. Innkaupastofnun skal, samantæki þó ákvæði gr. 8.24 og að fram kominni beiðni, gera birgi, sem ekki er valinn, fyrir ástæðum þess að stofnunin valdi ekki tilboð hans og hverjir kostir tilboðs þess birgis sem varð hlutskarpastur eru borið saman við önnur tilboð.
2. Innkaupastofnun skal, eigi síðar en 72 dögum eftir val hvers tilboðs til samningsgerðar, birta í prentmiðli eða rafrænum miðli, sem er að finna í 7. viðbæti við XVI. viðauka, auglýsingu þar sem eftirfarandi upplýsingar um samninginn koma að minnsta kosti fram:

- a) lýsing þeirrar vöru eða þjónustu sem er keypt,
 - b) nafn og heimilisfang viðkomandi innkaupastofnunar,
 - c) nafn og heimilisfang þess birgis sem varð hlutskarpastur,
 - d) verðgildi þess tilboðs sem er tekið eða hæsta og lægsta boð sem tekið var til greina við ákvörðun um val tilboðs til samningsgerðar,
 - e) dagsetning vals tilboðs til samningsgerðar og
 - f) hvaða innkaupaaðferð var beitt og, í þeim tilvikum þegar notað var lokað útboð samkvæmt gr. 8.18, lýsing þeirra aðstæðna sem réttlættu notkun lokaðs útboðs.
3. Birti viðkomandi innkaupastofnun auglýsinguna í rafrænum miðli eingöngu, skulu upplýsingarnar aðgengilegar á auðveldan hátt í hæfilega langan tíma.
 4. Sérhver innkaupastofnun skal, skemmst í þrjú ár frá þeim degi þegar val tilboðs til samningsgerðar fór fram, varðveita gögn og skýrslur um útboðsferlið og val tilboða til samningsgerðar sem varða innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla, þ.m.t. þær skýrslur sem kveðið er á um í gr. 8.18 og þau gögn sem tryggja að rekja megi framkvæmd innkaupa, sem falla undir gildissvið þessa kafla, með rafrænum hætti.

Gr. 8.24

Upplýsingagjöf.

1. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, veita nauðsynlegar upplýsingar án tafar til að unnt sé að ganga úr skugga um hvort innkaup hafi farið fram með heiðarlegum hætti og með hlutleysi að leiðarljósi og í samræmi við ákvæði þessa kafla, þ.m.t. upplýsingar um eiginleika og viðeigandi kosti þess tilboðs sem var valið.
2. Í þeim tilvikum þegar afhending slíkra upplýsinga myndi skaða samkeppni í síðari útboðum, skal sá samningsaðili sem veitir upplýsingunum viðtöku ekki kunngera þær neinum birgi nema að höfðu samráði við og að fengnu samþykki þess samningsaðila sem lét upplýsingarnar í té.
3. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa kafla skal samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, ekki láta tilteknum birgi í té upplýsingar sem gætu skaðað sanngjarna samkeppni milli birgja.
4. Ekkert í þessum kafla skal túlka þannig að þess sé krafist að samningsaðili, þ.m.t. innkaupastofnanir hans, yfirvöld og endurskoðunaraðilar láti af hendi upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla sem eru trúnaðarmál samkvæmt innlendri löggjöf hans eða þegar birting þeirra:
 - a) myndi hindra að lögum sé framfylgt,
 - b) kynni að skaða sanngjarna samkeppni milli birgja,
 - c) myndi skaða lögmæta viðskiptahagsmunum tiltekinn aðila, þ.m.t. vernd hugverka eða
 - d) myndi á annan hátt stríða gegn almannahagsmunum.

Gr. 8.25

Innlend leið til endurskoðunar vegna kvörtunar birgis.

1. Sérhver samningsaðili skal bjóða fram tímanlega, skilvirka og gagnsæja leið til endurskoðunar án mismununar á stjórnslu- eða dómsstigi, í samræmi við grunnregluna um tilhlýðilega málsmeðferð, sem birgir getur nýtt sér til þess að rísa gegn:
 - a) brotum á ákvæðum þessa kafla eða
 - b) hafi viðkomandi birgir ekki rétt á að rísa beint gegn brotum á ákvæðum þessa kafla samkvæmt landslögum samningsaðila, gegn vanrækslu þess að ráðstöfunum samningsaðila til þess að framkvæma ákvæði þessa kafla sé fylgt, þ.e. vanrækslu sem á sér stað í tengslum við innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla og þar sem viðkomandi birgir hefur, eða hefur haft, hagsmuna að gæta.
 Málsmeðferðarreglur um hvers kyns vefengingu skulu vera skriflegar og almenningi tiltækar.
2. Komi fram kvörtun frá birgi, í tengslum við innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla og þar sem viðkomandi birgir hefur, eða hefur haft, hagsmuna að gæta, þess efnis að um brot eða vanrækslu hafi verið að ræða, eins og fram kemur í 1. mgr., skal samningsaðili viðkomandi innkaupastofnunar hvetja hana og birginn til þess að leita lausnar á umkvörtunarefninu með samráði.

3. Sérhver birgir skal fá nægan tíma til að undirbúa og leggja fram erindi um vefengingu og skal hann aldrei vera skemmri en tíu dagar frá því að viðkomandi birgi varð kunnugt, eða hefði mátt vera kunnugt eins og ætlast mætti til, um tilefni vefengingarinnar.
4. Sérhver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna a.m.k. eina óhlutdræga stjórnslustofnun eða dómsvald, sem er óháð innkaupastofnunum hans (hér á eftir nefnd eða nefnt „endurskoðunaraðilinn“), til að taka við og taka til athugunar erindi birgis um vefengingu í tengslum við innkaup sem falla undir gildissvið þessa kafla.
5. Taki stofnun önnur en endurskoðunaraðili, er um getur í 4. mgr., erindi um vefengingu til athugunar, skal viðkomandi samningsaðili sjá til þess að viðkomandi birgir geti áfrýjað upphaflegu ákvörðuninni til endurskoðunaraðila sem er óháður þeirri innkaupastofnun sem gerir þau innkaup sem eru tilefni vefengingarinnar.
6. Sérhver samningsaðili skal tryggja að úrskurðir endurskoðunaraðila, sem er ekki dómstóll, skuli annaðhvort háðir endurskoðun á dómsstigi eða að slíkur aðili hafi verklagsreglur sem kveða á um að:
 - a) viðkomandi innkaupastofnun skuli svara erindinu um vefengingu skriflega og afhenda endurskoðunaraðilanum öll viðeigandi skjöl,
 - b) aðilar að málsmeðferðinni (hér á eftir nefndir „málsaðilar“) skuli eiga rétt á því að láta álit sitt í ljós áður en endurskoðunaraðilinn tekur ákvörðun um vefenginguna,
 - c) málsaðilarnir skuli eiga rétt á fyrirsvari og föruneysi,
 - d) málsaðilarnir hafi aðgang að allri málsmeðferðinni,
 - e) málsaðilarnir skuli hafa rétt til að fara þess á leit að málsmeðferðin sé opinber og að heimilt sé að leiða fram vitni og
 - f) úrskurðir eða tilmæli endurskoðunaraðilans séu sett fram tímanlega og skriflega og með skýringu á þeim forsendum sem liggja að baki hverjum úrskurði eða hverjum tilmælum.
7. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda málsmeðferð þar sem kveðið er á um:
 - a) fljótvirkar, tímabundnar ráðstafanir til þess að viðhalda tækifæri viðkomandi birgis til að taka þátt í innkaupunum, t.d. ráðstafanir sem leiða til þess að útboðsferlinu sé frestað. Málsmeðferðin getur falið það í sér að taka megri tillit til neikvæðra afleiðinga sem vega þungt fyrir þá hagsmuni sem um ræðir, þ.m.t. almannahagsmunir, þegar ákvörðun er tekin um það hvort slíkum ráðstöfunum skuli beitt. Réttmætar ástæður fyrir því að hafast ekki að skulu lagðar fram skriflega og
 - b) aðgerð til leiðréttingar eða bætur vegna taps eða skaða sem orðinn er, sem má takmarka annaðhvort við kostnað við gerð tilboðsins eða kostnað vegna erindis um vefengingu, eða hvorttveggja, ákvarði endurskoðunaraðili að um brot á ákvæðum þessa kafla sé að ræða eða vanrækslu eins og fram kemur í 1. mgr.

Gr. 8.26

Breytingar og leiðréttingar á gildissviði.

1. Samningsaðili getur gert leiðréttingar á gildissviði samkvæmt þessum kafla, hvað hann varðar, sem eru einungis formlegs eðlis, eða gert minni háttar breytingar á skránum í XVI. viðauka, að því tilskildu að hann tilkynni hinum samningsaðilunum um þær skriflega og að enginn samningsaðili andmæli þeim skriflega innan 45 daga frá viðtöku tilkynningarinnar. Samningsaðili, sem gerir þess háttar leiðréttingar eða minni háttar breytingar, þarf ekki að láta hinum samningsaðilunum í té bætur til jöfnunar.
2. Samningsaðila er heimilt að breyta gildissviði sínu samkvæmt þessum kafla með öðrum hætti, að því tilskildu:
 - a) að hann tilkynni hinum samningsaðilunum það skriflega og bjóði jafnframt fram viðunandi bætur til jöfnunar til þess að viðhalda gildissviði sambærilegu því sem í gildi var fyrir breytinguna, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. og
 - b) að enginn samningsaðili andmæli skriflega innan 45 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.
3. Samningsaðili þarf ekki að láta í té bætur til jöfnunar séu samningsaðilarnir því sammála að fyrirhugaðar breytingar taki til innkaupastofnunar sem samningsaðili hefur í reynd ekki lengur yfirráð yfir eða áhrif á. Andmæli samningsaðili fullyrðingu þess efnis að þess háttar opinber yfir-

ráð eða áhrif hafi í reynd verið afnumin, getur samningsaðilinn, sem andmælir, beðið um frekari upplýsingar eða samráð í því skyni að skýrt verði eðli hvers kyns opinberra yferráða eða áhrifa og að komist verði að samkomulagi um að viðkomandi innkaupastofnun falli áfram undir gildissvið þessa kafla.

Gr. 8.27

Samvinna.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi samstarfs í því skyni að öðlast betri skilning á fyrirkomulagi opinberra innkaupa hvers þeirra um sig og greiðari aðgang að mörkuðum hvers og eins, einkum fyrir birgja sem teljast lítil fyrirtæki.
2. Samningsaðilar skulu leitast við að starfa saman í málum eins og:
 - a) þróun og notkun rafrænna fjarskipta innan fyrirkomulags opinberra innkaupa og
 - b) skiptum á reynslu og upplýsingum; nefna má regluramma, bestu starfsvenjur og tölfræðilegar upplýsingar.

Gr. 8.28

Frekari samningaviðræður.

Þjóði samningsaðili aðila, öðrum en samningsaðilunum, síðar meir aukinn ávinning að því er varðar gildissvið aðgangs að markaði hans fyrir opinber innkaup, sem samkomulag er um samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal hann fallast á, að beiðni annars samningsaðila, að hefja samningaviðræður í því skyni að útvíkka gildissvið samkvæmt ákvæðum þessa kafla á grundvelli gagnkvæmni.

9. KAFLI

SAMKEPPNI

Gr. 9

Reglur um samkeppni fyrirtækja.

1. Eftirfarandi starfshættir fyrirtækja samrýmast ekki réttir framkvæmd samnings þessa að svo miklu leyti sem þeir kunna að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna:
 - a) samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því eða verða þess valdandi að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni,
 - b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu á yferráðasvæði samningsaðila, í heild eða á verulegum hluta þess.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttar, sem samningsaðilarnir veita þeim, svo fremi beiting fyrrnefndra ákvæða hindri ekki, að lögum eða í reynd, framkvæmd tiltekinna opinberra verkefna sem þeim hafa verið falin.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal ekki túlka þannig að þau skapi beinar, nýjar skyldur fyrir fyrirtæki.
4. Þeir samningsaðilar sem eiga hlut að máli skulu vinna saman og hafa samráð þegar þeir fást við samkeppnishamlandi starfshætti, eins og útskýrt er í 1. mgr., með það að markmiði að stöðva slíka starfshætti eða skaðleg áhrif þeirra á viðskipti. Samvinna getur falist í því að skiptast á viðeigandi upplýsingum sem samningsaðilunum eru tiltækar. Enginn samningsaðili skal krafinn um upplýsingar sem eru bundnar trúnaði samkvæmt innlendri löggjöf hans.
5. Telji samningsaðili að tilteknir starfshættir hafi áfram áhrif á viðskipti, í skilningi ákvæða 1. mgr., að lokinni samvinnu eða samráði í samræmi við ákvæði 4. mgr., getur hann óskað eftir samráði í sameiginlegu nefndinni. Þeir samningsaðilar sem eiga hlut að máli skulu veita sameiginlegu nefndinni alla nauðsynlega aðstoð við könnun málsins. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar, kanna þær upplýsingar sem eru veittar í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins sem er gagnkvæm og viðunandi.

10. KAFLI VIÐSKIPTI OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Gr. 10.1

Samhengi og markmið.

1. Samningsaðilarnir minnst yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins frá 1972, Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun frá 1992, framkvæmdaáætlunar 21 um umhverfi og þróun frá 1992, Jóhannesarborgaráætlunarinnar um sjálfbæra þróun frá 2002, niðurstöðuskýrslu Ríó+20-ráðstefnunnar „Sú framtíð sem við óskum okkur“ frá 2012, niðurstöðuskýrslu leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun „Umbreyting heimsins: Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030“ frá 2015, yfirlýsingar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu, ásamt eftirfylgni hennar frá 1998, ráðherraýfirlýsingar Efnahags- og félagsmálaráðs SP um atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störf frá 2006 og yfirlýsingar Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna að efnahagsþróun, félagsleg þróun og umhverfisvernd eru víxl tengdir þættir sjálfbærrar þróunar sem styðja hvern annan. Þeir leggja áherslu á þann ávinning sem samvinna um viðskiptatengd vinnu- og umhverfismál skapar sem lið í alþjóðlegri aðkomu að viðskiptum og sjálfbærri þróun.
3. Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína að efla þróun milliríkjaviðskipta þannig að stuðlað sé að því að markmiðið um sjálfbæra þróun náist og að tryggt sé að það markmið sé fellt inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglit í þeim.

Gr. 10.2

Gildissvið.

1. Sé ekki kveðið á um annað í þessum kafla gilda ákvæði hans um þær ráðstafanir sem hafa áhrif á viðskipta- og fjárfestingatengda þætti vinnu- og umhverfismála og samningsaðilarnir samþykkja eða viðhalda.
2. Vísunin til vinnu í þessum kafla tekur til þeirra málefna sem varða framkvæmdaráætlunina um mannsæmandi störf, eins og hún var samþykkt innan Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

Gr. 10.3

Réttur til reglusetningar og verndarstig.

1. Sérhver samningsaðili skal, um leið og viðurkenndur er réttur sérhvers samningsaðila, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, til að ákveða eigin verndarstig í umhverfis- og vinnuumálum og til að samþykkja eða breyta til samræmis við það viðeigandi lögum sínum og stefnumálum, leitast við að tryggja að í lögum hans, stefnumálum og starfsháttum sé kveðið á um og hvatt til þess að komið verði á háu verndarstigi í umhverfis- og vinnuumálum í samræmi við staðla, meginreglur og samninga er um getur í gr. 10.5 og gr. 10.7 og skal hann leggja sig fram um að hækka enn frekar það verndarstig sem kveðið er á um í þeim lögum og stefnumálum.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess, þegar þeir undirbúa og framkvæma ráðstafanir í tengslum við þau umhverfis- og vinnuskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti og fjárfestingar milli þeirra, að tekið sé tillit til vísindalegra, tæknilegra og annarra upplýsinga og viðeigandi alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla.

Gr. 10.4

Verndarstigi haldið uppi þegar lögum, reglugerðum eða stöðlum er beitt og þeim framfylgt.

1. Samningsaðili skal ekki skirrast við að framfylgja með virkum hætti lögum sínum, reglugerðum eða stöðlum á sviði umhverfis- og vinnuumála þannig að hafi áhrif á viðskipti eða fjárfestingar milli samningsaðilanna.
2. Samningsaðili skal ekki, með fyrirvara um ákvæði gr. 10.3:
 - a) draga úr eða lækka verndarstig á sviði umhverfis- eða vinnuumála, sem lög hans, reglugerðir eða staðlar mæla fyrir um, í þeim eina tilgangi að hvetja til fjárfestinga frá öðrum samnings-

aðila eða að leita eftir eða auka samkeppnisforskot framleiðenda eða þjónustuveitenda sem stunda rekstur á yfirráðasvæði hans eða

- b) fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti eða bjóðast til að fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti slíkum lögum, reglugerðum eða stöðlum í þeim tilgangi að hvetja til fjárfestinga frá öðrum sammingsaðila eða að leita eftir eða auka samkeppnisforskot framleiðenda eða þjónustuveitenda sem stunda rekstur á yfirráðasvæði hans.

Gr. 10.5

Alþjóðlegir staðlar og samningar á sviði vinnumála.

1. Samningsaðilarnir vísa til þeirra skyldna sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnuálastofnuninni og af yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og eftirfylgni hennar, sem var samþykkt á 86. Alþjóðavinnuálaþinginu árið 1998, þ.e. að virða, halda fram og framkvæma meginreglur um grundvallarréttindi, nánar tiltekið um:
 - a) félagafrelsi og viðurkenningu réttarins í reynd til að gera kjarasamninga,
 - b) að útrýma þvingunar- eða nauðungarvinnu í hvaða mynd sem er,
 - c) að afnema barnavinnu með virkum hætti og
 - d) að útrýma mismunun með tilliti til atvinnu og starfa.
2. Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína, samkvæmt ráðherraýfirlýsingu Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna frá 2006 um atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störf, að viðurkenna mikilvægi arðbærrar atvinnu fyrir alla og mannsæmandi starfa fyrir alla sem meginþátt sjálfbærrar þróunar fyrir öll lönd og sem forgangsmarkmið samvinnu ríkja í milli og að ýta undir þróun milliríkjavíðskipta þannig að stuðli að arðbærri atvinnu fyrir alla og mannsæmandi störfum fyrir alla.
3. Samningsaðilarnir vísa til þeirra skyldna sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnuálastofnuninni þess efnis að framkvæma með skilvirkum hætti þá samninga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem þeir hafa fullgilt og að halda áfram og með sjálfbærum hætti að fullgilda grundvallarsamninga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og aðra samninga sem hún hefur flokkað sem uppfærða samninga.
4. Samningsaðilarnir áréttu, eins og kemur fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar, sem var samþykkt á 97. samkomu Alþjóðavinnuálaþingsins árið 2008, að eigi skuli skírskota til brota á grundvallarreglum og -réttindum við vinnu eða notfæra sér slík brot með öðrum hætti sem réttmæta og lögmæta hlutfallslega yfirburði og að eigi skuli nota reglur á sviði vinnumála sem verndarstefnu.

Gr. 10.6

Viðskipti með vörur úr skógafurðum.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig, í því skyni að efla sjálfbæra stjórnun skógarauðlinda og með því, meðal annars, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna skógeyðingar og hnignunar náttúrulegra skóga og mólendis í tengslum við starfsemi innan og handan skógarnytjageirans, til að vinna saman á viðeigandi, fjölliða vettvangi þar sem þeir eru þátttakendur og á tvíhliða samstarfsvettvangi sem fyrir er, ef við á, í því augnamiði að bæta framfylgd innlendra laga og stjórnunarhætti á sviði skógarnytja og efla viðskipti með löglegar og sjálfbærar vörur úr skógafurðum, landbúnaðarafurðir og afurðir námugraftar.
2. Gagnleg tæki til að ná þessu markmiði gætu meðal annars verið að stuðla að gerð lista yfir trjátegundir sem falla undir samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), að því er varðar trjátegundir sem eru í útrýmingarhættu, vottunarkerfi fyrir skógafurðir sem eru til komnar með sjálfbærum hætti og svæðisbundnir eða tvíhliða frjálsir samstarfssamningar um framfylgd laga, stjórnunarhætti og viðskipti á sviði skógarnytja (FLEGT).

Gr. 10.7

Fjölhliða samningar og meginreglur um umhverfismál.

Samningsaðilarnir áréttu þá skuldbindingu sína að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín og starfshætti þá fjölhliða samninga um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og að þeir fari að meginreglum um umhverfismál sem felast í þeim alþjóðlegu gerningum er um getur í gr. 10.1.

Gr. 10.8

Efling viðskipta og fjárfestinga sem ýta undir sjálfbæra þróun.

1. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að greiða fyrir og ýta undir erlendar fjárfestingar og viðskipti með og útbreiðslu á vörum og þjónustu sem koma umhverfinu til góða, þ.m.t. umhverfistækni, sjálfbær endurnýjanleg orka og vörur og þjónusta sem eru orkunýtnar og umhverfismerktar. Tengdar hindranir aðrar en tollar verða teknar til athugunar sem liður í þessari viðleitni.
2. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að greiða fyrir og ýta undir erlendar fjárfestingar og viðskipti með og útbreiðslu á vörum og þjónustu, sem stuðla að sjálfbærri þróun, meðal annars vörum og þjónustu sem eru bundnar áætlunum eins og um heiðarleg og siðleg viðskipti.
3. Samningsaðilarnir samþykkja í þessu skyni að skiptast á skoðunum og kunna að taka til umfjöllunar, sameiginlega eða tvíhliða, samvinnu á þessu sviði.
4. Samningsaðilarnir skulu hvetja til samstarfs fyrirtækja með tilliti til vara, þjónustu og tækni sem stuðla að sjálfbærri þróun og koma umhverfinu til góða.

Gr. 10.9

Samstarf á alþjóðavettvangi.

Samningsaðilarnir skulu kappkosta að efla samvinnu sín á milli á sviði vinnu- og umhverfismála, sem varða viðskipti og fjárfestingar og þar sem um gagnkvæma hagsmuni er að ræða, á viðeigandi tvíhliða, svæðisbundnum og fjölhliða vettvangi þar sem þeir eru þátttakendur.

Gr. 10.10

Framkvæmd og samráð.

1. Sérhvert samningsríki skal tilnefna tengilið vegna framkvæmdar ákvæða þessa kafla.
2. Samningsaðili getur, í gegnum tengiliðinn sem um getur í 1. mgr., óskað eftir samráði við sérfræðinga eða samráði innan sameiginlegu nefndarinnar vegna mála sem rísa og varða ákvæði þessa kafla. Samningsaðilarnir skulu gera sitt ítrasta til að finna lausn á umræddum málum sem gagnkvæm sátt er um. Samningsaðilarnir geta leitað ráða hjá viðkomandi alþjóðastofnunum eða alþjóðlegum aðilum, þar sem það á við og með fyrirvara um samkomulag sín á milli.
3. Samningsaðilarnir skulu ekki hagnýta sér gerðardómsmeðferð samkvæmt ákvæðum 12. kafla í málum sem rísa og varða ákvæði þessa kafla.

Gr. 10.11

Endurskoðun.

Samningsaðilarnir skulu endurskoða reglulega innan sameiginlegu nefndarinnar hvernig hefur miðað að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessum kafla og fjalla um viðeigandi þróun á alþjóðavettvangi til þess að greina þau svið þar sem frekari aðgerðir gætu stuðlað að því að ná fyrrnefndum markmiðum.

11. KAFLI

STOFNANAÁKVÆÐI

Gr. 11

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir setja hér með á stofn sameiginlega nefnd EFTA-ríkjanna og Georgíu (hér á eftir nefnd „sameiginlega nefndin“) sem samanstendur af fulltrúum hvers og eins samningsaðila. Fulltrúar samningsaðilanna skulu vera háttsettir embættismenn sem samningsaðilarnir tilnefna í þessu skyni.
2. Sameiginlega nefndin skal:

- a) hafa yfirumsjón með og yfirfara framkvæmd samnings þessa,
 - b) endurskoða stöðugt þann kost að ryðja enn frekar úr vegi viðskiptahindrunum og öðrum takmarkandi ráðstöfunum vegna viðskipta milli samningsaðilanna,
 - c) hafa umsjón með frekari þróun samnings þessa,
 - d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum samnings þessa,
 - e) leitast við að leysa deilur sem kunna að rísa um túlkun eða framkvæmd samnings þessa og
 - f) fjalla um hvert það mál annað sem kann að hafa áhrif á rekstur samnings þessa.
3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að setja á fót undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við að ljúka verkefnum sínum. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
 4. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í samræmi við ákvæði samnings þessa. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að senda frá sér tilmæli.
 5. Ákvarðanir og tilmæli sameiginlegu nefndarinnar skulu tekin og send með samhljóða samþykki. Þegar fyrirsjáanlegt er að ákvæði samnings þessa varðar einungis tiltekna samningsaðila getur sameiginlega nefndin samþykkt ákvarðanir og sent frá sér tilmæli viðvíkjandi málum sem varða einungis eitt eða nokkur EFTA-ríki og Georgíu. Einungis hlutadeigandi samningsaðilar skulu greiða atkvæði í slíkum tilvikum og þær ákvarðanir eða tilmæli sem um ræðir skulu aðeins gilda gagnvart þeim samningsaðilum.
 6. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá því að samningur þessi öðlast gildi. Eftir það skal hún koma saman þegar nauðsyn krefur, en að öllu jöfnu annað hvert ár. Fundir sameiginlegu nefndarinnar skulu vera undir sameiginlegu forsæti eins EFTA-ríkjanna og Georgíu.
 7. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á það, með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna, að sérstakur fundur sameiginlegu nefndarinnar verði haldinn. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðninni er veitt viðtaka, nema samningsaðilarnir séu ásáttir um annað.
 8. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum og viðbættunum við samning þennan og, með fyrirvara um ákvæði 9. mgr., sett fram gildistökudag þess konar ákvarðana.
 9. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að innlend lagaskilyrði verði uppfyllt, skal ákvörðunin öðlast gildi þann dag þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlendum skilyrðum hans hafi verið fullnægt, nema seinni dagsetning sé tilgreind í sjálfri ákvörðuninni. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Georgía sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi gagnvart honum, með fyrirvara um lagaskilyrði hans.
 10. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

12. KAFLI LAUSN DEILUMÁLA

Gr. 12.1

Gildissvið og umfang.

1. Ákvæði þessa kafla gilda um lausn hvaða deilumála sem er sem varða túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa.
2. Heimilt er að leysa deilur vegna sama máls sem rís og varðar bæði samning þennan og samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á öðrum hvorum vettvangi að ákvörðun þess samningsaðila sem leggur fram kvörtun.¹¹ Sá vettvangur sem þannig er valinn skal notaður eingöngu.
3. Að því er varðar ákvæði 2. mgr. ræðst málsmeðferð við lausn deilumála, samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, af beiðni samningsaðila um stofnun gerðardóms skv. 6. gr. samkomulags Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilu-

¹¹ Að því er varðar þennan kafla geta hugtökin „samningsaðili“, „deiluaðili“, „samningsaðili sem leggur fram kvörtun“ og „samningsaðili sem kvörtun beinist gegn“ gefið til kynna einn samningsaðila eða fleiri.

mála, en málsmeðferð við lausn deilumála, samkvæmt samningi þessum, ræðst af beiðni um gerðardómsmeðferð skv. 1. mgr. gr. 12.4.

Gr. 12.2

Sáttaumleitanir.

1. Sáttaumleitanir eru málsmeðferð sem er reynd af frjálsum vilja, komi samningsaðilarnir sér saman um það. Þær geta hafist, þeim kann að verða haldið áfram og hætt hvenær sem er, einnig á meðan málsmeðferð í gerðardómi, sem er stofnsettur í samræmi við ákvæði þessa kafla, stendur yfir.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal fara fram í trúnaði og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila komi til frekari málsmeðferðar.

Gr. 12.3

Samráð.

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu ákvæða samnings þessa og gera sitt ýtrasta, með samvinnu og samráði, til að finna lausn, sem gagnkvæm sátt er um, í hverju því máli sem rís á grundvelli ákvæða þessarar greinar.
2. Samningsaðili getur farið skriflega fram á samráð við annan samningsaðila telji sá fyrrnefndi að ráðstöfun samræmist ekki ákvæðum samnings þessa. Sá samningsaðili sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um beiðnina. Sá samningsaðili sem beiðninni er beint til skal svara henni innan 10 daga frá viðtöku hennar. Samráð skal fara fram innan sameiginlegu nefndarinnar, nema þeir samningsaðilar sem leggja fram beiðni um samráð eða slíkri beiðni er beint til séu ásáttir um annað.
3. Samráð skal hefjast innan 30 daga frá viðtöku beiðni um samráð. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá viðtöku beiðni um samráð. Svári samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, ekki innan tíu daga eða gangi ekki til samráðs innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar um samráð, eða innan 15 daga ef málin eru brýn, á samningsaðilinn, sem leggur fram beiðnina, rétt á að fara fram á að gerðardómur verði stofnsettur í samræmi við ákvæði gr. 12.4.
4. Deiluaðilarnir skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvort viðkomandi ráðstöfun sé í ósamræmi við samning þennan eður ei og fara með hvers kyns trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á meðan samráðið varir, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
5. Samráðið skal fara fram í trúnaði og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðilanna, komi til frekari málsmeðferðar.
6. Deiluaðilarnir skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um hverja þá lausn málsins sem gagnkvæmt samkomulag er um.

Gr. 12.4

Stofnun gerðardóms.

1. Leiði samráðið, sem um getur í gr. 12.3, ekki til lausnar deilu innan 60 daga, eða 30 daga í tengslum við brýnt mál, þ.m.t. um vörur sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, frá því að samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, veitir beiðninni um samráð viðtöku, getur sá samningsaðili sem leggur fram kvörtun, með skriflegri beiðni til samningsaðilans sem kvörtunin beinist gegn, farið fram á að gerðardómur verði settur á stofn. Afrit af þessari beiðni skal sent hinum samningsaðilunum til þess að þeir geti ákveðið hvort þeir vilji taka þátt í gerðardómsferlinu.
2. Í beiðni um stofnun gerðardóms skal tilgreina þá sérstöku ráðstöfun sem um ræðir og leggja fram stutta samantekt um þann lagalega grundvöll og staðreyndagrunn sem kvörtunin hvílir á.
3. Þrír gerðarmenn sitja í gerðardóminum og eru skipaðir í samræmi við hinar *valkvæðu reglur Alþjóðagerðardómsins í Haag um gerðardómsmeðferð deilna milli tveggja ríkja*, eins og þær öðluðust gildi frá 20. október 1992 (hér á eftir nefndar „valkvæðu reglurnar“), að breyttu breytanda. Stofndagur gerðardómsins telst vera dagurinn þegar formaðurinn er skipaður.
4. Erindisbréf gerðardómsins er sem hér segir, nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað innan 20 daga frá viðtöku beiðninnar um stofnun gerðardómsins:

„að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms samkvæmt gr. 12.4 og komast að niðurstöðu á grundvelli laga og staðreynda og finna orsakir, ásamt því að gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar og framkvæmd úrskurðarins.“

5. Leggi fleiri en einn samningsaðili fram beiðni um stofnun gerðardóms í tengslum við sama mál eða taki beiðnin til fleiri en eins samningsaðila sem kvörtun beinist gegn og ávallt þegar það er framkvæmanlegt, skal stofna einn gerðardóm til að kanna umkvörtunarefni sem tengjast sama máli.
6. Samningsaðili, sem er ekki deiluaðili, á rétt á, eftir að hafa afhent deiluaðilunum skriflega tilkynningu, að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóminn, að fá afhentar skriflegar greinargerðir, meðal annars viðauka, frá deiluaðilunum, að vera viðstaddur skýrslugjöf og að gefa munnlegar yfirlýsingar.

Gr. 12.5

Málsmeðferð gerðardómsins.

1. Um málsmeðferð gerðardómsins fer eftir valkvæðu reglunum, að breyttu breytanda, nema annað sé tilgreint í samningi þessum eða samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
2. Gerðardómurinn skal kanna það mál sem vísað er til hans í beiðninni um stofnun gerðardóms í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa sem eru túlkuð eftir hefðbundnum reglum um túlkun þjóðaréttar.
3. Öll málsmeðferð skal fara fram á ensku. Skýrslugjöf fyrir gerðardóminum skal opin almenningi, nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað.
4. Engin einhliða (*ex parte*) samskipti skulu vera við gerðardóminn um mál sem hann hefur til meðferðar.
5. Samningsaðili skal senda hinum deiluaðilanum skriflegar greinargerðir sínar, skriflegar gerðir munnlegs framburðar og svara við spurningum gerðardómsins, jafnhliða því að framangreind atriði eru send gerðardóminum.
6. Samningsaðilarnir skulu gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem gerðardóminum eru sendar, enda hafi sá deiluaðili sem þær sendir auðkennt þær sem trúnaðarmál.
7. Meirihluti gerðarmanna tekur ákvarðanir gerðardómsins. Hvaða gerðarmanni sem er er heimilt að gefa sérálit um málefni sem eru ekki samþykkt samhljóða. Gerðardómurinn skal ekki gefa upp hverjir gerðarmanna standa að meirihluta- eða minnihlutaáliti.

Gr. 12.6

Skýrslur gerðardóms.

1. Gerðardómurinn ætti að senda deiluaðilunum frumskýrslu, sem inniheldur niðurstöður og úrskurði hans, eigi síðar en 90 dögum eftir að gerðardómurinn er stofnsettur. Deiluaðila er heimilt að senda gerðardóminum skriflegar athugasemdir innan 14 daga frá viðtöku frumskýrslunnar. Gerðardómurinn ætti að afhenda deiluaðilunum lokaskýrslu innan 30 daga frá því að þeir veita frumskýrslunni viðtöku.
2. Senda skal samningsaðilunum lokaskýrsluna, ásamt öllum skýrslum samkvæmt ákvæðum gr. 12.8 og gr. 12.9. Skýrslurnar skal birta almenningi, nema deiluaðilarnir ákveði annað.
3. Allir úrskurðir gerðardómsins samkvæmt hvaða ákvæði þessa kafla sem er skulu vera endanlegir og bindandi fyrir deiluaðilana.

Gr. 12.7

Málsmeðferð í gerðardómi frestað eða hætt.

1. Séu deiluaðilarnir því sammála getur gerðardómur gert hlé á starfi sínu hvenær sem er, þó ekki lengur en í 12 mánuði. Hafi hlé á störfum gerðardóms varað lengur en í 12 mánuði fellur umboð gerðardómsins til að fjalla um deiluna úr gildi, nema deiluaðilarnir séu ásáttir um annað.
2. Samningsaðili, sem leggur fram kvörtun, getur dregið kvörtun sína til baka hvenær sem er áður en frumskýrslan er birt. Slík afturköllun hefur engin áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kvörtun vegna sama máls.

3. Deiluaðilarnir geta hvenær sem er samþykkt að meðferð gerðardómsins, sem stofnaður er samkvæmt samningi þessum, skuli hætt með því að tilkynna formanni hans sameignlega og skriflega um það.
4. Gerðardómur getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er og áður en lokaskýrslan er birt, lagt til að deiluaðilarnir leiti vinsamlegrar lausnar á deilunni.

Gr. 12.8

Framkvæmd efnisatriða lokaskýrslu gerðardóms.

1. Sá samningsaðili sem kvörtun beinist gegn skal umsvifalaust hlíta úrskurðinum í lokaskýrslunni. Reynist ekki unnt að uppfylla ákvæði lokaskýrslunnar þegar í stað, skulu deiluaðilarnir leitast við að semja um hæfilegan frest til þess. Liggi slíkt samkomulag ekki fyrir innan 45 daga frá útgáfudegi lokaskýrslunnar, getur hvor deiluaðila sem er farið þess á leit við hinn upphaflega gerðardóm að hann ákveði lengd hæfilegs frests í ljósi sérstakra aðstæðna í málinu. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 30 daga frá viðtökuvegi fyrrnefndrar beiðni.
2. Sá samningsaðili sem kvörtun beinist gegn skal tilkynna hinum deiluaðilanum um þá ráðstöfun sem samþykkt er til að fylgja úrskurðinum í lokaskýrslunni eftir og gefa ítarlega lýsingu á því hvernig ráðstöfunin tryggir eftirfylgni, það er lýsingu sem nægir til þess að hinn deiluaðilinn geti lagt mat á ráðstöfunina.
3. Sé ágreiningur um hvort ráðstöfun sé til staðar sem fylgir eftir úrskurðinum í lokaskýrslunni eða um hvort sú ráðstöfun samrýmist úrskurðinum, skal sami gerðardómur kveða upp úr um þess háttar ágreining, óski annar hvor deiluaðila eftir því, áður en unnt er að sækja bætur eða fresta ávinningi í samræmi við ákvæði gr. 12.9. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 90 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni.

Gr. 12.9

Bætur og frestun ívilnana eða annarra skyldna.

1. Hlíti samningsaðilinn, sem kvörtun beinist gegn, ekki úrskurði gerðardómsins sem um getur í gr. 12.8 eða tilkynni samningsaðilanum, sem leggur fram kvörtun, um að hann hyggist ekki hlíta úrskurðinum í lokaskýrslu gerðardómsins, skal fyrstnefndi samningsaðilinn, fari sá samningsaðili sem leggur fram kvörtun fram á það, ganga til samráðs í því augnamiði að ná samkomulagi um bætur sem gagnkvæm sátt er um. Einungis í því tilviki að farið hafi verið fram á fyrrnefnt samráð og ekkert samkomulag hafi náðst innan 20 daga frá viðtöku beiðninnar, ber þeim samningsaðila sem leggur fram kvörtun réttur til að fresta því að veita ívilnanir eða að gegna öðrum skyldum, sem leiðir af samningi þessum, en einungis til jafns við þær sem ráðstöfunin, sem gerðardómurinn ákvað að samræmdist ekki ákvæðum samnings þessa, hefur áhrif á.
2. Þegar sá samningsaðili sem leggur fram kvörtun tekur til athugunar hvaða ívilnunum eða öðrum skyldum skuli frestað, ætti hann fyrst að leitast við að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum á sama sviði eða sviðum og ráðstöfunin, sem gerðardómurinn ákvað að samræmdist ekki ákvæðum samnings þessa, hefur áhrif á. Telji samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ívilnunum eða öðrum skyldum á sama sviði eða sviðum, getur hann frestað ívilnunum eða öðrum skyldum á öðrum sviðum.
3. Samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, skal tilkynna þeim samningsaðila sem kvörtun beinist gegn um þær ívilnanir eða aðrar skyldur sem sá fyrrnefndi hyggst fresta, um ástæður þess háttar frestunar og hvenær frestunin hefjist, eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag þegar frestunin á að koma til framkvæmda. Þeim samningsaðila sem kvörtun beinist gegn er heimilt að fara þess á leit við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá viðtöku fyrrnefndrar tilkynningar, að hann felli úrskurð þess efnis hvort þær ívilnanir eða aðrar skyldur sem samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, hyggst fresta jafngildi þeim sem ráðstöfunin, sem ákveðið var að samræmdist ekki ákvæðum samnings þessa, hafði áhrif á og hvort fyrirhuguð frestun samræmist ákvæðum 1. og 2. mgr. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 45 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni. Eigi skal fresta ívilnun eða öðrum skyldum fyrir en gerðardómurinn hefur birt úrskurð sinn.
4. Bætur og frestun ívilnana eða annarra skyldna skulu vera tímabundnar ráðstafanir og skal samningsaðilinn, sem leggur fram kvörtun, einungis beita þeim uns ráðstöfunin, sem ákveðið var að

samræmdist ekki ákvæðum samnings þessa, hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að hún samrýmist ákvæðum samnings þessa eða uns deiluaðilarnir hafa leyst deiluna með öðrum hætti.

5. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um hvort framkvæmdar-ráðstafanir, sem eru samþykktar eftir að ívilnunum eða öðrum skyldum er frestað, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé, í ljósi þess háttar úrskurðar, að aflétta eða breyta frestun ívilnana eða annarra skyldna. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 30 daga frá viðtöku fyrirnefndrar beiðni.

Gr. 12.10

Önnur ákvæði.

1. Gerðardómurinn, sem um getur í gr. 12.8 og 12.9, skal, ávallt þegar því verður komið við, skipaður sömu gerðarmönnum og gáfu lokaskýrsluna út. Sé gerðarmaður í upphaflega gerðardóminum ótiltækur skal tilnefning gerðarmanns í hans stað fara fram í samræmi við þá valaðferð sem gildi þegar upphaflegi gerðarmaðurinn var tilnefndur.
2. Heimilt er að breyta hverjum þeim tímamörkum er um getur í þessum kafla með gagnkvæmu samkomulagi deiluaðila.
3. Telji gerðardómur að hann geti ekki haldið sig innan þeirra tímamarka sem honum ber að virða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal hann upplýsa deiluaðilana skriflega um það og leggja fram mat á því hversu langan viðbótartíma hann þurfi. Nauðsynlegur viðbótartími ætti ekki að vera lengri en 30 dagar.

13. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

Gr. 13.1

Viðaukar og viðbætar.

Viðaukarnir við samning þennan, þar með taldir viðbætar við þá, eru órjúfanlegur hluti samnings þessa.

Gr. 13.2

Breytingar.

1. Hverjum samningsaðila er heimilt að leggja tillögur að breytingum á samningi þessum fyrir sameiginlegu nefndina til umfjöllunar og samþykktar.
2. Senda skal samningsaðilunum breytingar á samningi þessum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykki í samræmi við lagaskilyrði hvers og eins, nema kveðið sé á um annað í 8. mgr. 11. gr. Textar breytinganna og skjölin um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
3. Breytingar á samningi þessum skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki og Georgía hafa afhent vörsluaðila skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að breytingin hefur öðlast gildi, skal breytingin öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess er afhent til vörslu.
4. Breytingar, sem varða málefni sem tengjast aðeins einu eða nokkrum EFTA-ríkjum og Georgíu, skulu einungis samþykktar af hálfu hlutaðeigandi samningsaðila.
5. EFTA-ríki eða Georgía getur, heimili lagaskilyrði viðkomandi samningsaðila það, beitt hvaða breytingum sem er til bráðabirgða, meðan þess er beðið að þær öðlist gildi fyrir viðkomandi samningsaðila. Tilkynta skal vörsluaðila um beitingu breytinga til bráðabirgða.

Gr. 13.3

Aðild.

1. Hvert það ríki sem fær aðild að EFTA getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin samþykki aðild þess með þeim skilmálum og skilyrðum sem samningsaðilarnir og inngöngurikið sammælast um.

2. Afhenda skal vörsluaðilanum aðildarskjalið til vörslu. Að því er inngönguríki varðar skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess er afhent til vörslu eða eftir samþykki aðildarskilmálanna af hálfu þeirra samningsaðila sem fyrir eru, hvort sem síðar verður.

Gr. 13.4

Úrsögn og gildislok.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Úrsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Segi Georgía sig frá samningi þessum fellur hann úr gildi þegar úrsögn Georgíu tekur gildi.
3. Segi EFTA-ríki sig frá samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum úr gildi sama dag og úrsögnin tekur gildi.

Gr. 13.5

Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki í samræmi við lagaskilyrði hvers samningsaðila um sig. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar að minnsta kosti eitt EFTA-ríki og Georgía hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.
3. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjal þess er afhent til vörslu.
4. Samningsaðili getur, heimili lagaskilyrði hans það, beitt ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða, meðan þess er beðið að samningurinn öðlist gildi fyrir hann. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar.

Gr. 13.6

Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Bern 27. júní 2016 í einu frumriti á ensku sem skal afhent vörsluaðilanum til vörslu sem sendir öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

**FREE TRADE AGREEMENT
BETWEEN
THE EFTA STATES
AND
GEORGIA**

PREAMBLE

Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as the “EFTA States”),

and

Georgia,

hereinafter each individually referred to as a “Party” or collectively as the “Parties”,

RECOGNISING the common wish to strengthen the links between the EFTA States and Georgia by establishing close and lasting relations;

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between the Parties and for the promotion of commercial and economic cooperation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

DETERMINED to promote and further strengthen the multilateral trading system, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organization (hereinafter referred to as the “WTO Agreement”) and the other agreements negotiated thereunder, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

REAFFIRMING their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under international law, including as set out in the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

AIMING to create new employment opportunities, improve living standards along with high levels of protection of health and safety and of the environment;

REAFFIRMING their commitment to pursue the objective of sustainable development and recognising the importance of coherence and mutual supportiveness of trade, environment and labour policies in this respect;

DETERMINED to implement this Agreement in line with the objectives to preserve and protect the environment through sound environmental management and to promote an optimal use of the world’s resources in accordance with the objective of sustainable development;

RECALLING their rights and obligations under multilateral environmental agreements to which they are a party, and the respect for the fundamental principles and rights at work, including the principles set out in the relevant International Labour Organisation (hereinafter referred to as the “ILO”) Conventions to which they are a party;

RECOGNISING the importance of ensuring predictability for the trading communities of the Parties;

AFFIRMING their commitment to prevent and combat corruption in international trade and investment and to promote the principles of transparency and good public governance;

ACKNOWLEDGING the importance of good corporate governance and corporate social responsibility for sustainable development, and affirming their aim to encourage enterprises to observe internationally recognised guidelines and principles in this respect, such as the Organisation for

Economic Cooperation and Development (OECD) Guidelines for Multinational Enterprises, the OECD Principles of Corporate Governance and the United Nations (UN) Global Compact;

CONVINCED that this Agreement will enhance the competitiveness of their firms in global markets and create conditions encouraging economic, trade and investment relations between the Parties;

HAVE AGREED, in pursuit of the above, to conclude the following Free Trade Agreement (hereinafter referred to as this “Agreement”):

CHAPTER 1 GENERAL PROVISIONS

Article 1.1

